



UNGMENNASAMBAND
KJALARNEŠPINGS

ÁRSSKÝRSLA



1969

Á R S S K Ý R S L A

1969

Útgefandi : Ungmennasamband Kjalarneßþings

Ritstjórn : Ólafur Unnsteinsson - Íþróttabættir
 Ingólfur Ingólfsson - Stjórnarstörf og félagsmál
 Sigurður Skarphéðinsson - Reikningar U. M. S. K.

Forsíðumynd er af frjálsíþróttafólki U. M. S. K.
1969 ásamt þjálfara sínum Ólafi Unnsteinssyni
lengst t. v. í efri röð. Formaður U. M. S. K.
Ingólfur Ingólfsson er lengst t. v. í neðri röð.
Myndin er tekin á Fífuhvammsvelli í Kópavogi

A V A R P

Góðir lesendur.

Arsskýrsla U. M. S. K. 1969 er með líku sniði og árið áður. Starfsemi sambandsins á árinu var mjög fjölbreytt eins og skýrslan ber með sér. Hér er aðeins í stuttu máli drepið á það helzta. Stjórnin vill minna félaga í U. M. S. K. á blað Ungmennafélags Íslands, Skinfaxa, er kom út í október og helgað er U. M. S. K.

A árinu var haldin vegleg héraðshátið í Saltvík, er tókst með ágætum og varð sambandinu til sóma.

U. M. S. K. hefur á árinu notið allmikilla styrkja frá Sýslusjóðum Gullbringu- og Kjósarsýrla, hreppunum og Búnaðarsambandi Kjalnesinga. Margir hafa stutt sambandið á ýmsa vegu.

Iþróttafólk U. M. S. K. stóð sig með miklum ágætum. Frjálsíþróttakonur sambandsins settu fjölda Íslandsmeta.

Allt þetta vill stjórn U. M. S. K. þakka.

Starfsemi sambandsins fer mjög vaxandi og U. M. S. K. þarf á miklum fjármunum að halda vegna starfsemi sinnar. Vonandi sýna þeir aðilar, er leitað verður til, skilning sinn í verki. Þá mun takast að leiða U. M. S. K. fram til enn meira gengis á komandi árum.

Framundan er á næsta ári Iþróttahátið I. S. I. Landsmót ungmennafélaga verður haldið á Sauðárkróki 1971. U. M. S. K. verður 50 ára 1972.

Megi gæfa fylgja starfsemi U. M. S. K. á komandi árum.

Stjórn U. M. S. K.

A R S S K Y R S L A

Ungmennasambands Kjalarneßings

1969

1. 46. ársþing U. M. S. K.

Arsþing Ungmennasambands Kjalarneßings það 46. í röðinni var haldið að Garðaholti í Garðahreppi, sunnudaginn 8. des. 1968. Ungmennafélagið Stjarnan í Garðahreppi annaðist alla fyrirgreiðslu í sambandi við þinghaldið. 35 fulltrúar frá 7 sambandsfélögum sóttu þingið. Gestir þingsins voru: Valdimar Óskarsson, gjaldkeri U. M. F. I., og færði hann kveðjur frá U. M. F. I., Gísli Halldórsson, forseti I. S. I., þakkaði hann ungmannasambandinu gott íþróttastarf á árinu og bar fram kveðjur og árnaðaróskir frá Íþróttasambandi Íslands. Sveinn Björnsson, stjórnarmaður I. S. I. og Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri I. S. I. mættu einnig á þinginu.

A þinginu ríkti mikill áhugi fyrir starfsemi sambandsins og voru margar til-lögur og ályktanir gerðar í íþróttu- og félagsmálum, sem síðan var unnið eftir á liðnu starfsári.

Afhent voru verðlaun fyrir íþróttir og félagsmálastörf. Kristín Jónsdóttir, Kópavogi var kosinn íþróttamaður ársins, og var henni afhentur bikar í því til-efni. Viðurkenningu fyrir félagsmálastörf hlaut Gestur Guðmundsson. Verðlauna-bikara fyrir beztu afrek á frjálsíþróttamóti sambandsins hlutu Kristín Jónsdóttir og Karl Stefánsson.

Þar sem þinggerð hefur verið fjörlituð og send hverju félagi, verður ekki nánar um hana fjallað hér.

Stjórn sambandsins á starfsárinu var þannig skipuð:

Formaður :	Ingólfur Ingólfsson	Kópavogi
Varaformaður :	Pórir Hermannsson	Kjós
Gjaldkeri :	Sigurður Skarphéðinsson	Mosfellssveit
Ritari :	Jón Leví Tryggvason	Kjalarneßi
Meðstjórnendur :	Stefán Agústsson	Seltjarnarnesi
	Sveinbjörn Guðmundsson	Bessastaðahr.
	Ævar Hjaltason	Garðahreppi

Varamenn :	Pálmi Gíslason
	Sighvatur Jóhannsson
	Birgir Sigurðsson
	Garðar Ólafsson
	Guðmundur Gíslason
	Birgir Guðmundsson
	Eggert Ólafsson
Endurskoðendur :	Olafur Ag. Ólafsson
	Lárus Halldórsson
Varamenn :	Guðjón Kjartansson, Jón Ólafsson
Iþróttadómstóll :	Gísli Andrésson

2. Fundir og þing.

Nú stjórnarfundir voru haldnir á árinu í skrifstofu sambandsins að Lindarbæ.

Tveir fulltrúar voru sendir á ráðstefnu frjálsþróttasambandsins 3. mars, þeir Olafur Unnsteinsson og Þórður Guðmundsson. Olafur, sem var fundarritari ráðstefnunnar tók að sér að gera ítarlega skýrslu um helztu vandamál frjáls-þróttamanna fyrir F.R.I., svo sem fjármál, útbreiðslumál og þjálfun. Þá voru þeir Sigurður Skarphéðinsson og Pálmi Gíslason sendir á 26. þing U.M.F.I. á Laugum 21. og 22 júní og var Pálmi þar kosinn í varastjórn U.M.F.I. Þá voru og sendir fulltrúar á öll sérþing I.S.I. Nokkrar nefndir voru settar á laggírnar á árinu og héldu þær flestar fundi sína á skrifstofu sambandsins. Nefndirnar voru: Verðlaunaneftnd, Saltvíkurnefnd vegna héraðshátiðar og Knattleikjanefndir ásamt nefnd, er starfaði eftir samp. síðasta þings til að reyna að finna leiðir til að halda framkvæmdastjóra allt árið.

3. Sambandsaðilar.

Innan sambandsins eru nú 7 ungmenna- og iþróttafélög, með samtals 1415 félagsmenn, og hefur félagatalan aukizt verulega á síðustu árum.

Félag	Stofnað	Félagsmenn
1. Umf. Bessastaðahrepps	1939	30
Formaður : Helga Guðmundsdóttir		
2. Umf. Stjarnan	1960	172
Formaður : Ingvi Guðmundsson		

Félag	Stofnað	Félagsmenn
Frh.		Fluttir 202
3. Umf. Breiðablik	1950	552
Formaður : Gestur Guðmundsson		
4. Íþróttafélagið Gróta	1967	239
Formaður : Garðar Olafsson		
5. Umf. Afturelding	1909	238
Formaður : Birgir Sigurðsson		
6. Umf. Kjalnesingar	1938	33
Formaður : Olafur Friðriksson		
7. Umf. Drengur	1915	140
Formaður : Guðmundur Gíslason		
		Félagar alls 1404

4. Ráðinn framkvæmdastjóri.

Samkv. heimild síðasta sambandsþing, réði stjórnin framkvæmdastjóra og var hann í fullu starfi hjá sambandinu frá 1. júní til 31. ágúst og hafði eins og fyrri framkvæmdastjórar aðsetur sitt á skrifstofu sambandsins í Lindarbæ. Ráðinn var Olafur Unnsteinsson íþróttakennari úr Reykjavík og var hann jafnframt ráðinn fjrálsiþróttakennari sambandsins.

Olaf er nær óþarfst að kynna, hann er fyrir löngu landsþekktur í starfi og sem íþróttamaður. Hann hefur í áratug unnið við íþróttakennslu bæði í skólum og frjálsu starfi og er gjörkunnugur starfi íþróttar- og ungmannafélaga og unnið hefur hann mikið að félagsmálum innan íþróttahreyfingarinnar.

Frá því í febrúar starfaði Olafur 2 - 3 sinnum í viku við frjálsiþróftaþjálfun bæði í Kópavogi og Seltjarnarnesi og aðstoðaði stjórnina við skipulagningu vetrar- og sumarstarfsins.

Í sumar fóru frjálsiþróttæfingar fram 2 - 3 sinnum í viku í Reykjavík, á Armannsvelli og Melavelli og 2 sinnum í viku í Kópavogi.

Framkvæmdastjóri undirbjó og sá um framkvæmd íþróttamóta á vegum U. M. S. K., en í yfir 20 mótum keppti íþróttafólk ið undir nafni sambandsins.

Framkvæmdastjóri aðstoðaði félögin eftir því sem efni stóðu til við útveg-un þjálfara, skipulagningu móta og íþróttæfingar og lagði lið sitt við að útvega

félögunum betri aðstöðu til æfinga. Ennfremur undirbjó framkvæmdastjóri þátttöku í Íslandsmeistaramótinu í frjálsum íþróttum að Laugarvatni og var fararstjóri þeirrar ferðar, og eins til Akureyrar á Unglingameistaramót Íslands.

Skipulagning héraðshátiðar í Saltvík 28. júní var mikið verkefni, en hennar er getið á öðrum stað. Auglýsingaöflun í Skinfaxa og aðstoð við ritstjóra blaðsins vegna kynningar á starfsemi U. M. S. K. var og tölувert verkefni og svona mætti lengi telja.

Starfsemi sambandsins hefur vaxið gífurlega á undanförnum árum og hefur þessari auknu starfsemi meðal annars verið mætt með ráðningu framkvæmdastjóra hluta af árinu en það er nú þegar sýnt, að með jafn ört vaxandi starfsemi, og raun ber vitni, þá er það orðið líffspursmál að sambandið geti með einhverju móti haft launaðan mann allt árið. Öðru vísni er erfitt að hugsa sér að öll þau æskulýðs- og félagsmál, sem krefjast úrlausnar, verði gerð verðug skil.

5. Útbreiðsla og leiðbeinendastörf.

Olafur Unnsteinsson, framkvæmdastjóri sambandsins, var aðalþjálfari í frjálsum íþróttum. Hann sá um og stjórnaði á öllum frjálsíþróttamótum í héraðinu og starfaði einnig á móturnum í Reykjavík vegna þátttöku íþróttafólks U. M. S. K.

Olafur hafði milligöngu um ráðningu tveggja landskunnra íþróttakennara, Kristjáns Jóhannssonar og Guðmundar Harðarsonar.

Umf. Afturelding - Kristján Jóhannsson íþróttakennari var ráðinn sem íþróttakennari hjá U. M. F. Aftureldingu og U. M. F. Dreng í Kjós í júní og júlí og um stundarsakir hjá Íþróttafélaginu Gróttu. Unga fólkis mættu aðallega æfingar í frjálsum íþróttum og knattspyrnu og voru æfingar fjölsóttar. Guðmundur Harðarson landsþjálfari í sundi tók að sér þjálfun í sundi fyrir U. M. F. Aftureldingu í Varmárlaug í júlmánuði, 1 - 2 sinnum í viku. Agust Oskarsson og Ingibjörg Sigurðardóttir, íþróttakennarar, stuðluðu mjög að auknum áhuga fyrir íþróttum með starfi sínu við Varmárskóla í Mosfellssveit.

Kjalnesingar fengu aðstöðu til íþróttæfinga á vellinum í Saltvík og mættu á æfingar í Mosfellssveit.

Umf. Drengur í Kjós - Æfingar hjá U. M. F. Dreng í Kjós voru við Félagsgarð í júní og júlí einu sinni í viku. Kristján Jóhannsson sá um kennslu og Ragna Lindberg var sem endranær leiðbeinandi í frjálsum íþróttum og fyrirliði stúlkanna, sem kepptu á héraðsmótinu. Vonandi lætur unga fólkis, sem tók

þátt í æfingum í Mosfellsveit og Kjós, ekki staðar numið og endurvekur hið gamla íþróttaveldi þessara félaga.

Umf. Breiðablik er langsterkasta ungmenafélagið í íþróttum og er í fararbroddi í öllum íþróttagreinum. Frjálsíþróttæfingar voru 2 - 3 sinnum í viku í Kópavogi. Bezta frjálsíþróttafólk U. M. F. Stjörnunnar og Gróttu kom þangað til æfinga undir leiðsögn Olafs Unnsteinssonar og 2 - 3 sinnum í viku til úrvals æfinga í Reykjavík um sumarið. Leiðbeinendur, er aðstoðuðu við unglingsstarf í frjálsum íþróttum, má nefna: Magnús Jakobsson, Þórð Guðmundsson, Karl Stefánsson, Ingólf Ingólfsson og Hafstein Jóhannesson. Hörður Ingólfsson íþróttakennari hefur á liðnum árum starfað mikið að þjálfun í Kópavogi. Sund er í miklum uppgangi í Kópavogi eftir tilkomu sundlaugarinnar þar. 12 - 15 ára ungligar hafa náð góðum árangri undir leiðsögn Steinars Lúðvíks-sonar íþróttakennara og eru Kópavogsbúar í forstu í fyrsta sinn í sundi. Knattspyrnan er í framför í öllum aldursflokkum. Þórarinn Ragnarsson var þjálfari II. deildar liða U. B. K., er barðist fyrir tilverurétti sínum í I. deild næsta ár með góðum árangri. Liðið var no. 2 í II. deild. Reynir Karlsson þjálfar liðið í haust. Guðmundur Þórðarson, Jón Ingi Ragnarsson, Grétar Kristjánsson og Sigurjón Valdimarsson þjálfuðu yngri flokka félagsins. Pétur Bjarnason var þjálfari í handknattleik og vegnaði kvennaliðinu vel. Dónald Jóhannesson og Hilmar Ingólfsson sáu um körfuknattleiksæfingar. Ívar Jónsson sá um glímuæfingar á liðnum vetri og fl.

Umf. Stjarnan er í mikilli framför í íþróttum. Ingvi Guðmundsson formaður félagsins hefur unnið mikið og fórmfüst starf fyrir félagið sem þjálfari og leiðtogi í knattleikjum, glímu og frjálsum íþróttum. Þórarinn Sigurðsson þjálfar yngri flokkana í knattspyrnu. Elísabet Brand og Hilmar Björnsson íþróttakennarar við skólana í Garðahreppi örfuðu unglinga í veturn til þátttöku í íþróttum á vegum félagsins. 10 - 15 ungligar stunduðu æfingar í frjálsum íþróttum að staðaldri í summar undir leiðsögn Olafs Unnsteinssonar.

Íþróttafélagið Gróttu er í miklum uppgangi í íþróttum eftir tilkomu íþróttahússins á Seltjarnarnesi. Handknattleikur og knattspyrna eru þær íþróttgreinar, er félagar stunda aðallega. Yngri flokkar félagsins í knattspyrnu eru komnir í fremstu röð. Mestan heiður af því eiga forráðamenn félagsins og Garðar Guðmundsson þjálfari. Nú í haust hefur margt af þekktasta íþróttafólkí í Reykjavík skipað sér undir merki Gróttu. Bjart ætti að vera framundan hjá félagini. Nokkrir ungligar stunduðu frjálsar íþróttir.

Umf. Bessastaðahrepps - Félagar í U. M. F. Bessastaðahreppi eru fáir og stunduðu helzt knattspyrnu.

6. Iþróttasvæði.

Stór átök þarf að gera á næstu árum við gerð iþróttasvæða innan sambands-svæðis U. M. S. K., ef hægt á að vera að efla iþróttalífið að verulegu marki. Félögin þurfa hvert um sig að hafa góða aðstöðu heimafyrir til æfinga fyrir knattleiki og frjálsar iþróttir. Eins þarf að leggja áherzlu á að ljúka byggingu iþróttaleikvangs við Varmá í Mosfellsveit og við Fífuhammsveg í Kópavogi. Þar geta stórmót í iþróttum farið fram. Vallarmál eru stórmál, sem allir þurfa að láta sig miklu skipta, er vilja að æska U. M. S. K. skipi sér í fremstu raðir í iþróttalífi landsins. Iþróttavellir á sambandssvæðinu hafa ekki verið í góðu ástandi fram til þessa árs, en aðstaðan hefur mikið lagazt á árinu og það ber að þakka. Í Kópavogi var sett nýtt slitlag á knattspyrnuvöllinn við Kópavogsbraut á síðastliðnu ári og reyndist það vel í sumar. Lokið var við gerð 100 m malarbrautar og tvær stökkgryfjur grafnar við iþróttasvæðið við Fífuhammsveg og skapaðist við það viðunandi aðstaða fyrir frjálsar iþróttir í Kópavogi. Þó vantar nauðsynlega kastaðstöðu, hringblaupabraut og síðast en ekki sízt búningsklefa með baðaðstöðu.

Í Garðahreppi var haldið áfram við gerð knattspyrnuvallar og var undirlag sett á völlinn. Vonandi verður þessum velli lokið næsta ár og jafnframt standa vonir til að aðstaða skapist fyrir hið efnilega frjálsiþróttafolk félagsins.

A Seltjarnarnesi var malbikaður 20 x 40 m handknattleiksvöllur í sumar og hafa nú fá félög í landinu svo góða aðstöðu. Iþróttasvæði Gróttu á að vera við Valhúsahæð og eru hafnar framkvæmdir og standa vonir til að því verði lokið næsta ár. Lítið hefur verið unnið við iþróttaleikvanginn við Varmá í Mosfells sveit síðustu árin, og er mikil nauðsyn á því að unnið verði áfram við að ljúka leikvanginum, ekki sízt vegna aukins áhuga unga fólksins í Mosfellssveit. Í Kjósarhreppi eru hafnar endurbætur á velli. Í Bessastaðahreppi var notaður bráðabirgðavöllur á Alftanesi við Bjarnastaðamýri til knattspyrnuiðkana. Kjalnesingar fengu aðstöðu til iþróttæfinga í Saltvík. Stjórn U. M. S. K. og forráðamenn í Saltvík létu gera þar völl, sem notaður var á héraðsmótinu. Sundlaugar eru bæði í Mosfellssveit og í Kópavogi og plastlaug var notuð í Garðahreppi í sumar til sundiðkana og reyndist vel.

7. Skinfaxi.

U. M. F. I. bauð U. M. S. K. í júlímaðuði að gefa út blað, er tileinkað yrði starfsemi sambandsins.

Við tókum þegar þessu góða boði og var framkvæmdastjóra falið af stjórn U. M. S. K. að afla auglýsinga í blaðið og safnaði hann um 30 þúsund krónum

upp í kostnað þess. Jafnframt aðstoðaði framkvæmdastjóri ritstjóra með öflun mynda og efnis í blaðið, er varðaði okkar þátt þess.

Blaðið er mikil kynning fyrir U. M. S. K. og nær sú kynning til fólks um land allt.

Stjórn U. M. F. I. er hér með þakkaður sá heiður, er sambandinu er sýndur með þessari kynningu.

8. Blöð og myndir.

A árinu komu oft myndir í dagblöðnum af íþróttafólki sambandsins, eins komu umsagnir og viðtöl við það og framkvæmdastjóra.

Nokkuð af þessu hefur framkvæmdastjóri safnað saman og verður það í framtíðinni góð heimild um starfsemi ársins.

9. Bridge.

A hraðkeppnismóti sveita í bridge, er haldið var að Hlégarði í Mosfells-sveit, sendu þrjú félög fjórar sveitir hvert. Félögin voru Afturelding, Drengur og Breiðablik. Kept var um veglegan farandbikar, sem Páll Olafsson í Brautarholti gaf.

I keppni milli félaganna sigraði Breiðablik í annað sinn í röð og fékk 3965 stig. Drengur varð annar með 3916 stig og Afturelding þriðja með 3727 stig.

I keppni milli sveita varð sveit Hákonar Þorkelssonar, Umf. Dreng, sigur-vegari með 744 stig, auk hans spiluðu í sveitinni, Ásgeir Bjarnason, Olafur Ingvarsson og Pálmi Gunnarsson. Önnur verðlaun hlaut sveit Sigurðar Gunnlaugssonar, Breiðabliki með 689 stig og þriðju verðlaun hlaut sveit Armanns J. Lárussonar með 676 stig. Ein gestasveit, blönduð frá félögunum með Kára Jónasson varð í öðru sæti með 691 stig.

Mótstjóri var Vilhjálmur Sigurðsson úr Reykjavík.

10. Skák.

U. M. S. K. sendi 4 menn til keppni á árlegt skákmót U. M. F. I. haldið á Selfossi af H. S. K. Við tefldum við H. S. K. og U. M. S. B. Viðureigninni við H. S. K. lauk með jafntefli 2 - 2, en aftur á móti þá töpuðu okkar menn á móti U. M. S. B. með 1 1/2 gegn 2 1/2 vinningi.

A þessu móti var teftt eftir 3. gr. reglugerðar um skákmót U. M. F. I., en hún kvað svo á um að takmarka skyldi styrleika skákmanna eftir flokkaskiptingu.

Síðasta þing U. M. S. K. samþykkti mótmæli við þessari 3. gr. reglugerðarinnar og voru þau send stjórn U. M. F. I.

Þetta mál var síðan tekið fyrir á 26. þingi U. M. F. I., haldið að Laugum 21. og 22. júní. Þar var samþykkt að nema úr gildi áðurnefndar takmarkanir og getur nú hvert samband sent sína sterkustu skákmenn til keppni.

11. Framlög til U. M. S. K.

Eins og reikningar sambandsins sýna, voru aðaltekjur þess fjárfamlög frá eftirtoldum aðilum:

Sýslusjóði Kjósarsýslu	Kr. 50.000,-
Sýslusjóði Gullbringusýslu	" 30.000,-
Ur bæjarsjóði Kópav. og hreppssjóðum	" 75.000,-
Frá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings ..	" 5.000,-

Auk þessa greiddi Kópavogskaupstaður fargjald kr. 6.500,- vegna farar til Laugarvatns á Íslandsmeistaramótið í frjálsum íþróttum.

Nú í fyrsta skipti komu fjárfamlög frá öllum hreppsfélögum, sem eru innan þess svæðis, er U. M. S. K. nær yfir.

Hjá öllum þessum aðilum mættu forráðamenn U. M. S. K. sérstökum velvilja og skilningi og greinilegt er, að vaxandi starfsemi U. M. S. K. á undanförnum árum hefur vakið verðskuldaða athygli.

12. Landgræðsla.

Landgræðslustarf hefur vaxið mikið nú á síðustu árum og er orðið veiga-mikill þáttur í starfsemi margra ungmenna- og héraðssambanda.

Innan U. M. S. K. hefur ekki verið um að ræða slika starfsemi svo nokkru-nemi, þó hafa fáeinir menn frá okkur lagt til lið sitt og farið ásamt ung-mennafélögum úr Víkverja í landgræðsluferð á Tröllháls á Bláskógaheiði.

13. Héraðshátið U. M. S. K.

Sú nýbreytni var upptekin á árinu að halda héraðshátið og fór hún fram
28. júní í Saltvík á Kjálarnesi.

Eitt af meginverkefnum sambandsins er og verður að reyna að tengja saman fólk ið í hinum ýmsu félögum þess, tengja það saman í keppni og leik, kenna því hvað táknið U. M. S. K. þýðir og mikilvægi þess fyrir það sjálft, að samtökini séu sterkt, því þannig og því aðeins verða þau fær um að gegna síauknu og mikilvægu hlutverki sínu.


Héraðshátiðin var liður í viðleitni í þessa átt og vart verður annað sagt en að hún hafi tekizt vonum framar og hafi gefið góð fyrirheit.

40 keppendur frá 5 félögum tóku þátt í héraðsmótinu í frjásum íþróttum.. Í handknattleik sigruðu Íslandsmeistarar Vals U. M. S.K. með 7 mörkum gegn 3. Í knattspyrnu 3. fl. sigraði Gróttu Aftureldingu með 5 mörkum gegn 2. Alls tóku yfir 100 manns þátt í íþróttakeppnum og yfir 500 manns sóttu hátiðina í allt. Um kvöldið var dansleikur í hlöðunni og lék hljómsveit Þorsteins Guðmundssonar frá Selfossi fyrir dansi. Ungir sem gamlir skemmtu sér hið bezta og ekki sá vín á nokkrum manni. Löggæzlu annaðist löggreglan í Hafnarfirði og höfðu þeir löggæzlumenn, sem á staðinn komu, það sérstaklega að orði, að þeir hefðu ekki fyrr orðið vitni að útiskemmtun, sem jafn vel hafi farið fram og þessi og mátti um þetta lesa á baksíðum Vísíss og Alþýðublaðsins daginn eftir.

Saltvík er að mörgu leyti bæði hentugur og skemmtilegur staður fyrir úti-hátiðahöld og þar er þegar fyrir hendi mörg aðstaða til slíkrar starfsemi, sem vafa-laust hefur ráðið úrslitum, að þessi staður var nú valinn öðrum fremur.

Framkvæmdastjóri sá um skipulagningu hátiðarinnar í samráði við stjórn sam-bandsins. Mikið verk var unnið við að koma túnum í það ástand að hægt var að halda þar íþróttakeppnir og skreytingu á hlöðu var breytt, svo eitthvað sé nefnt. Við þessi verk nutum við góðrar aðstoðar forráðamanna frjálsíþróttadeildar U. B. K. og Olafs Friðrikssonar, Esjubergi.

Einnig veittu okkur mikilsverðan stuðning, þeir framkvæmdastjóri Æsku-lyðsráðs Reynir Karlsson og staðarráðsmaður í Saltvík Kristján Guðmundsson.



Karl Stefansson varð í 5. sinn Íslandsmeistari í þristökki á árinu. Karl og Pórður eru hér að taka á móti sigurlaunum sínum frá landsmótinu að Eiðum.



Pórður Guðmundsson varð tvöfaldur Íslandsmeistari innanhúss og setti Íslandsmeit í 600 m hl. 1:27.2 mín. Pórður Guðmundsson sigrar í glæsilega í viðavangshlaupi I.R.

14. Iþróttahátið I. S. I.

Arið 1970 mun I. S. I. standa fyrir landsmóti eða iþróttahátið í tilefni af fimmtugasta þingi I. S. I.

Hátiðin verður tvíþætt, vetrar- og sumariþróttir. Vetrariþróttirnar munu fara fram á Akureyri seinni hluta næsta vetrar en sumariþróttirnar í Laugardalnum í Reykjavík í júlí.

A iþróttahátiðinni munu koma fram allar greinar iþrótta, sem iðkaðar eru í landinu. Hátiðin verður án efa glæsileg og mikil kynning fyrir iþróttir. Undirbúningur er hafinn um allt land. U.M.S.K. þarf að stefna að því að gera sinn hlut sem veglegastan á hátiðinni.

15. Skólamótið.

U. M. S. K. stóð fyrir viðavangshlaupi skóla í Kjalarneßbingi 26. apríl við iþróttasvæði barnaskólans í Garðahreppi. Keppt var í fjórum aldursflokkum, 63 keppendur tóku þátt í hlaupinu frá
Keppt var í þessum vegalengdum: 800 - 1000 - 1200 - 1400 m. Kópavogs-skóli átti fyrstu sveitir í þremur yngstu aldursflokkum og hlaut hann bikara fyrir, sem gefnir voru af sambandinu. Í efsta aldursflokki sigraði sveit Mýrhúsaskóla.

Mótsstjóri var Olafur Unnsteinsson. Ingólfur Ingólfsson form. sambandsins og Ingvi Guðmundsson formaður Umf. Stjörnunnar voru einnig í framkvæmda-nefnd.

16. Frjálsar iþróttir.

Mikill áhugi var fyrir frjálsum iþróttum innan U. M. S. K. á árinu. Olafur Unnsteinsson starfaði sem framkvæmdastjóri og þjálfari frá 1. febr. til 1. sept. Skipulagði hann þátttöku iþróttafólksins í kepni innan héraðs og utan í samráði við stjórn U. M. S. K. Formaður U. M. S. K. Ingólfur Ingólfsson og forráðamenn frjálsiþróttadeildar Breiðabliks með Magnús Jakobsson í broddi fylkingar og Ingvi Guðmundsson form. Stjörnunnar studdu vel að því, að frjálsiþróttastarfið yrði sem öflugast. Kristján Jóhannsson iþróttakennari vann mjög gott ungingastarf við uppbyggingu frjálsiþrótta í Mosfellssveit og í Kjósinni.

Olafur Unnsteinsson stjórnaði héraðsmótum sambandsins innanhúss og utan-húss og 6 innanhússmótum í frjálsum iþróttum. Í samstarfi við Reykjavíkur-

félögin stóð framkvæmdastjóri fyrir að skipulagningu 4 móta í frjálsum íþróttum. 4 móti voru haldin í nafni U. M. S. K. Einnig var hann mótsstjóri fyrir viðavangshlaupum á sambandssvæðinu og í keppni Vestmannaeyinga og Kópavogs í frjálsum íþróttum.

Héraðsmótið í Saltvík tókst með ágætum, þrátt fyrir erfiðar aðstæður.

U. M. S. K. sendi fjölmennt lið til þátttöku í Íslandsmeistaramótinu að Laugarvatni. Framkvæmdastjóri sá um skipulag þeirrar ferðar og einnig á Unglingamótið á Akureyri.

Frjálsíþróttafólk U. M. S. K. tók þátt í öllum frjálsíþróttamótum á árinu og fjölmennti til keppni og setti svip sinn á frjálsíþróttamótin með góðum afrekum.

Að vetrinum voru 2 - 3 æfingar í viku í Kópavogi og í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi. Að sumrinu fóru frjálsíþróttævingar fram 2 sinnum í viku í Kópavogi og 2 - 3 sinnum í viku í Reykjavík á Ármannsvelli og Melavelli. Sérstök ástæða er til þess að þakka Armenningum og vallarstjóra fyrir veitta aðstoð á árinu. 20 - 30 piltar stunduðu æfingar að staðaldri innanhúss allan veturinn og um 20 stúlkur æfðu 1 - 2 sinnum í viku um veturinn.

Frjálsíþróttafólk ið æfði um sumarið allt að 5 sinnum í viku. Hinir eldri og reyndari tóku nær allir framförum. Unga fólk ið komst margt í fremstu raðir frjálsíþróttafólks í landinu. Í dagblöðum kom áberandi fram, að athyglisnnerist um íþróttafólk U. M. S. K., sem á hverju móti vakti á sér mikla athygli. Stúlkurnar tóku forystu, sem beztu frjálsíþróttakonur landsins með Kristín Jónsdóttur, Öldu Helgadóttur og Arndísí Björnsdóttur í broddi fylkingar.

6 Íslandsmet tala þar sínu máli og U. M. S. K. hlaut 9 Íslandsmeistaratitla á árinu í frjálsum íþróttum og að auki 2 titla innanhúss og 2 Íslandsmet.

Kristín Jónsdóttir var sannkölluð hlaupadrottning landsins, og var send til Áþenu til keppni á Evrópumeistaramótinu í frjálsum íþróttum 16. - 21. sept. Hún stóð sig með sóma með því að setja Íslandsmet í 200 m hlaupi á 26,5 sek. Bætti þar fyrra met sitt, sem hún setti í Odense fyrr um sumarið. Kristín var þefaldur Íslandsmeistari í 100 og 200 m hlaupi og var í sveit U. M. S. K. í 4 x 100 m boðhlaupi. Kristín setti Íslandsmet í 200 m og 400 m hlaupi og jafnaði gildandi met í 60 m hlaupi. Einnig var hún í sveit U. M. S. K., sem jafnaði gildandi Íslandsmet í 4 x 100 m boðhlaupi 52,5 sek. Aðrar stúlkur í boðhlaupinu, sem var ósigrandi um sumarið, voru Alda Helgadóttir, Björg Kristjánsdóttir og Björk Kristjánsdóttir.

Alda Helgadóttir úr Stjörnunni sýndi stórstígar framfarir á árinu. Hún varð Íslandsmeistari í spjótkasti, kastaði 36,76 m, sem var Íslandsmet.

Hún jafnaði gildandi met í 100 m grindahlaupi 17,3 sek. og varð Íslandsmeistari í 4 x 100 m. Hún náði bezta afreki á landinu í kúluvarpi 10,69 m og var 3 í fimmtarþraut á Íslandsmótinu.

Arndís Björnsdóttir, Breiðabliki, tók stórstígum framförum á árinu í spjótkasti. Hún bætti Íslandsmet Öldu Helgadóttur í spjótkasti á frjálsíþróttamótí á Armannsvelli 20. ágúst í 38,53 m, sem er afrek á Norðurlandamælikvarða.

Karl Stefánsson varð Íslandsmeitari í þrístökki og stökk í Bikarkeppni F.R.I. 15,09 m, sem er afrek á Norðurlandamælikvarða. Einnig jafnaði Karl Stefánsson, U.M.S.K., metið í langstökki 6,89 m (meðv.) í landskeppni í Alaborg stökk Karl Stefánsson 14,88 m og varð 4. og sigraði beztu Danina og var það frábært afrek.

Trausti Sveinbjörnsson varð Íslandsmeistari í 400 m grindahlaupi og bætti hann U.M.S.K. metið 3-sinnum um sumarið. Í landskeppni í Alaborg varð Trausti 6. á 55,5 sek., sem er frábært afrek. Íslandsmeitið er í nánd, en það er 54,6 sek. Trausti setti einnig U.M.S.K. met í 200 m hlaupi 23,0 sek. og í fimmtarþraut 2837 stig.

Aðrir frjálsíþróttamenn, sem létu að sér kveða á árinu voru Þórður Guðmundsson, sem setti Íslandsmet í 600 m hlaupi innanhúss 1:27,2 mín og varð Íslandsmeistari í 600 m og 1000 m hlaupi. Einnig sigraði Þórður Guðmundsson glæsilega í Viðavangshlaupi I.R. Sveit Breiðabliks vann þar 3, 5 og 10 manna sveitarkeppni.

Þorsteinn Alfreiðsson var 2. bezti kringlukastari landsins á öllum mótum, eftir bróður sínum Erlendi Valdimarssyni. Kastaði hann lengst 49,98 m og hefur aldrei verið jafngóður og í ár.

Bræðurnir Helgi og Böðvar Sigurjónssynir, 17 og 15 ára, komust í fremstu röð í 800 og 1500 m hlaupum. Þeir eiga án efa eftir að láta mikið að sér kveða í framtíðinni.

Karl West Frederiksen var 5. bezti hástökkvari landsins um sumarið. Karl er aðeins 17 ára og setti U.M.S.K. met, 1,79 m.

Hafsteinn Jóhannesson, 19 ára, sýndi mikla fjölhæfni á árinu og er upprunnandi fjölpраutarmaður. Hann varð Íslandsmeistari unglings í kúluvarpi.

Lárus Lárusson setti U.M.S.K. met innanhúss í kúluvarpi, 13,78 m, og kastaði 13,86 m utanhúss.

Hinir gamalreyndu keppnismenn Ingólfur Ingólfsson, Magnús Jakobsson og Armann J. Lárusson stóðu vel fyrir sínu í sínum greinum.

Boðhlaupssveitir U.M.S.K. unnu til verðlauna í boðhlaupum á Íslandsmeistaramótinu.

U.M.S.K. var ásamt I.R. annar til þriðji sterkasti aðilinn í frjálsum íþróttum á landinu árið 1969.

Með áframhaldandi þjálfun unga fólksins ætti U.M.S.K. að geta orðið í fararbroddi í frjálsum íþróttum næstu árin og eiga góða von um sigur í frjáls-um íþróttum á landsmótinu að Sauðárkróki 1971. Skilyrði fyrir áframhaldandi framför er einnig bætt innanhússaðstaða og stórátök í gerð íþróttasvæða á sambandsvæðinu og síðast en ekki sízt að grundvöllur sé fyrir því að ráðnir séu vel menntaðir íþróttakennrarar.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þátttöku frjálsíþróttafólks U.M.S.K. í frjáls-íþróttamótum hér á landi og erlendis.

17. Héraðsmót.

a) Innanhússmót í frjálsum íþróttum 1969.

Fyrsta Sambandsmót U.M.S.K. í frjálsum íþróttum fór fram í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi föstudaginn 18. apríl kl. 9.30 e.h. Þejú félög tóku þátt í mótinu, Umf. Breiðablik í Kópavogi, Umf. Stjarnan, Garðahreppi og Íþróttafélagið Gróttta, Seltjarnarnesi. Keppendur voru 34, 18 piltar og 16 stúlkur. Keppt var í 8 greinum karla og 3 greinum kvenna. Agætur árangur náðist í mörgum greinum. Vaxandi áhugi er fyrir frjálsum íþróttum innan U.M.S.K. Trausti Sveinbjörnsson, Breiðablik, sigraði í spretthlaupi, langstökki án atr., 3,16 m, og setti Kópavogsmet í hástökki án atr., 1,54 m.

Karl Stefánsson, Breiðablik, sigraði í þrístökki án atr., 9,27 m og 2. í langstökki 3,07 m.

Þórður Guðmundsson, Breiðablik, Íslandsmethafi í 600 m hlaupi innanhúss, sigraði í 1500 m hlaupi á 75 m hringbraut á 4:56,2 mín.

Helgi Sigurjónsson, Breiðablik, 16 ára, í 800 m á 2:25,0 mín.

Lárus Lárusson, Breiðablik, í kúluvarpi 13,45 m.

I hástökki með atr. sigraði hinn bráðefnilegi 16 ára Karl West, stökk 1,68 m.

Donald Jóhannesson sömu hæð.

Kristín Jónsdóttir, Breiðablik, Íslandsmethafi í spretthlaupum, sigraði í 25 m spretthlaupi í harðri keppni við Öldu Helgadóttur, Stjörnunni og Björk Kristjánsdóttur, Breiðablik, sem varð 2. á Íslandsmótinu.

Sigríður Finnbjörnsdóttir, Stjörnunni, setti sambandsmet í langstökki án atr., 2,40 m.

Kristín Björnsdóttir, Stjörnunni, 13 ára, náði ágætum árangri í hástökki, 1,38 m.

b) Sambandsmót U. M. S. K. í frjálsum íþróttum fyrir pilta og stúlkur 13 - 14 ára og 15 - 16 ára fór fram í Kópavogi 20. apríl. Keppendur voru 22. Bezt afrek unnu Kristín Björnsdóttir 13 ára, 1,38 m í hástökki og Sigriður Finnbjörnsdóttir í langstökk án atr., 2,37 m, báðar úr Stjörnunni og Hafðís Ingimarsdóttir, Breiðabliki, 13 ára, 2,25 m í lanstökk án atrennu. Í sveinaflokki 13 - 14 ára sigraði Jón Jörundsson, Stjörnunni, í þremur greinum.

c) Héraðsmót U. M. S. K. í Saltvík 28. júní.

Sambandsmót U. M. S. K. í frjálsum íþróttum fór fram í Saltvík 28. júní. Þátttakendur voru 40 í mótinu, frá 5 félögum. Arangur varð góður í mörgum greinum, þrátt fyrir, að völlurinn væri þungur vegna langvarandi tigninga. Beztu afrek í frjálsum íþróttum voru: Þrístökk Karls Stefánssonar 14,12 m og kúluvarp Lárusar Lárussonar 14,04 m, 100 m hlaup Kristínar Jónsd. 13,5 sek., spjótkast Arndísar Björnsdóttur 33,74 m.

Breiðablik í Kópavogi átti sigurvegara í öllum greinum nema í kúluvarpi kvenna, þar sigraði Alda Helgadóttir, Stjörnunni í Garðahreppi, fjölhæf íþróttakona.

d) Tugþrautarkeppni U. M. S. K. fór fram á Armannsvelli við Sigtún 11. og 12. sept. 7 keppendur hófu keppni en 5 luku þrautinni.

Trausti Sveinbjörnsson, Breiðabliki, sigraði, hlaut 5543 stig, sem er 3. bezta afrekið í tugþraut í ár. Karl Stefánsson varð 2. með 4623 stig. og Hafsteinn Jóannesson 3. með 4542 stig

Önnur mótt innanhéraðs.

Helztu úrslit úr móttum, er fóru fram á sambandssvæðinu:

Innanhússmót U. B. K. í Kópavogi 14. febrúar. - Í langstökk án atr. stökk Trausti Sveinbjörnsson 3,00 m, Karl Stefánsson 8,95 m í þrístökk án atr. og Hafsteinn Jóannesson 1,57 m í hástökki.

Innanhússmót U. M. S. K. í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi 28. febrúar. Trausti Sveinbjörnsson, U. B. K., sigraði í langstökk án atr. 3,11 m. Guðmundur Hermannsson, K. R. keppti sem gestur í kúluvarpi og kastaði 17,03 m, 3. varð Lárus Lárusson, U. B. K., kastaði 12,53 m. Hafsteinn Jóannesson sigraði í hástökki 1,60 m.

Innanhússmót á vegum U. M. S. K. 25. apríl 1969. - Gestir mótsins voru Guðmundur Hermannsson og Jón P. Olafsson. Guðmundur Hermannsson, K. R. setti glæsilegt Íslandsmeit í kúluvarpi, kastaði 17,75 m. Lárus Lárusson setti U. M. S. K. met í kúluvarpi 13,78 m.

I hástökki án atr. sigraði Jón P. Olafsson, stökk 1,63 m. Karl West Frederiksen, U.B.K., stökk 1,73 m. I langstökki án atr. sigraði Trausti Sveinbjörnsson, stökk 3,14 m.

Innanhússkeppni í frjálsum íþróttum fór fram á milli U.M.S.K. og Armanns í Kópavogi 4. maí.

U. M. S. K. sigraði, hlaut 26 stig, Armann 16 stig. I langstökki án atr. sigraði Trausti Sveinbjörnsson, stökk 3,12 m. I þrístökki Karl Stefánsson, stökk 9,13 m. I hástökki án atr. varð Trausti Sveinbjörnsson 2. með 1,51 m. I hástökki 2. - 3. Donald Jóhannesson og Karl West Frederiksen 1,71 m.

A frjálsíþróttamóti í Kópavogi 13. ágúst hljóp Trausti Sveinbjörnsson 100 m á 11,2 sek. Kristín Jónsdóttir jafnaði gildandi Íslandsmeit í 60 m hlaupi á 8,0 sek. (meðv.) og hljóp 80 m á 10,6 sek. I langstökki stökk Karl Stefánsson 6,34 m.

Íslandsmót.

1. Sveinameistaramót Íslands innanhúss fór fram í Kópavogi 2. febrúar og sá Breiðablik um mótið. 16 keppendur tóku þátt í mótinu frá 5 félögum og samböndum. Böðvar Sigurjónsson, Breiðabliki, varð 4. í hástökki, stökk 1,45 m.
2. Unglingameistaramót Íslands fór fram í Íþróttahúsi Háskólags 7. marz. Hafsteinn Jóhannesson, Breiðabliki, varð 4. í hástökki, stökk 1,60 m.
3. Íslandsmeistaramótið í frjálsum íþróttum innanhúss fór fram í Íþróttahölli- inni í Reykjavík 22. marz.

U. M. S. K. átti 8 keppendur, sem stóðu sig með ágætum. Þórður Guðmundsson sigraði í 600 og 1000 m hlaupi, setti Íslandsmeit í 600 m hlaupi, 1:27,2. Helgi Sigurjónsson var 4. í 600 m á ísl. drengjameti, 1:32,0 og 4. í 100 m hlaupi 2:58,4. Karl Stefánsson varð 3. í þrístökki, stökk 9,31 m. Trausti Sveinbjörnsson varð 2. í langstökki án atr., stökk 3,19. Lárus Lárusson varð 3. í kúluvarpi með 13,63 m, U. M. S. K. met. Björg Kristjánsdóttir varð 2. í 2 x 40 m hlaupi á 12,1 sek.

4. Meyja- og sveinameistaramót Íslands fór fram á Melavellinum í Reykjavík 29. og 30. júní 1969. Keppendur voru 85 frá 14 aðiljum. 9 keppendur voru frá U. M. S. K. og stóðu þeir sig vel. - I 15 - 16 ára flokki sveina varð Böðvar Sigurjónsson 2. í 800 m hlaupi á 2:14,4 mín., 3. í 400 m hlaupi á 58,8 sek. Steinþór Jóhannesson varð 5. í 400 m hlaupi á 65,5 sek. og 7. í 800 m á 2:34,0 mín. - I telpnaflokki 13 - 14 ára varð sveit U. M. S. K. Íslandsmeistari, hljóp á 58,6 sek. (Sigrún Sigurðardóttir, Anna Pálsdóttir, Hafdís Ingimarsd. og Björg Kristjánsdóttir.)

Í 100 m hlaupi voru 16 keppendur og komust 3 stúlkur úr U.M.S.K. í úrslit. Björg Kristjánsdóttir varð 3. á 14,6 sek., Sigrún Sigurðardóttir 5. á 14,7 sek. og Hafdís Ingimarsdóttir 6. á 14,9 sek. Í langstökki varð Hafdís 3. með 4,18 m og Björg 4. með 4,12 m, Anna Pálsdóttir 6. með 4,00 m. Í hástökki telpna varð Kristín Björnsdóttir 5. með 1,25 m og Björg Kristjánsdóttir 6. með 1,25 m. Síðast en ekki sízt er að geta kúluvarps telpna (3 kg), 3 stúlkur úr U.M.S.K. röðuðu 3 fyrstu sætin. Gunnþórunn Geirdóttir varð Íslandsmeistari, kastaði 8,37 m, 2. Auður Guðmundsdóttir 8,24 m, 3. Kristín Björnsdóttir 7,89 m, 6. Anna Pálsdóttir 7,48 m.

5. Drengjameistaramót Íslands fór fram í Reykjavík 11. og 12. júlí á Laugardalsleikvangi.

Í hástökki varð Karl West Frederiksen 2. með 1,70 m og 2. í kringlukasti 30,71 m, 3. í þrístökki 11,54 m. Helgi Hauksson 2. í þrístökki með 12,24 m. Helgi Sigurjónsson 3. í 800 m hlaupi á 2:10,5 mín. og í 1500 m hlaupi á 4:32,0 mín. Sveit U.M.S.K. 3. í 4 x 10 m boðhlaupi á 49,8 sek.

6. Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum að Laugarvatni 19. - 21. júlí.

U.M.S.K. hlaut 6 Íslandsmeistara. U.M.S.K. sendi 20 keppendur, sem allir stóðu sig með ágætum. 14 af þeim hlutu verðlaun. Kristin Jónsdóttir varð Íslandsmeistari í 100 m hlaupi á 12,9 sek. og í 200 m hlaupi á 27,4 sek. og í sigursveit í 4 x 100 m boðhlaupi, 2. í langstökki með 4,83 m. Alda Helgadóttir setti glæsilegt Íslandsmet í spjótkasti 36,76 m og varð önnur í kúluvarpi 9,80 og hljóp 100 m á 13,8 sek. Íslandsmeistarar U.M.S.K. í 4 x 100 m boðhlaupinu voru: Björg Kristjánsdóttir, Alda Helgadóttir, Björk Kristjánsdóttir og Kristín Jónsdóttir, tími 54,6 sek.

Karl Stefánsson varð Íslandsmeistari í þrístökki með 14,21 m.

Trausti Sveinbjörnsson í 400 m grindahlaupi á 58,4 sek, þriðji í 400 m hlaupi á 52,1 sek. og annar í fimmtarþraut með 2837 stig.

Arndís Björnsdóttir varð önnur í spjótkasti með 34,82 m og þriðja í kringlukasti með 25,10 m.

Borsteinn Alfreðsson annar í kringlukasti með 46,07 m.

Karlasveitir U.M.S.K. hlutu verðlaun í boðhlaupum. Magnús Jakobsson fjórði í stöng með 3,30 m og Lárus Lárusson fjórði í kúluvarpi með 12,86 m.

Faranstjórar: Olafur Unnsteinsson, Ingólfur Ingólfsson og Magnús Jakobsson.

7. Unglingameistaramót Íslands fór fram á Akureyri 26. og 27. júlí.

5 keppendur úr U.M.S.K. stóðu sig með ágætum. Hafsteinn Jóhannesson varð Íslandsmeistari í kúluvarpi, 10,44, og keppti með góðum árangri í 6 öðrum greinum. Erlingur Jónsson varð annar í stöng, 2,90 m og í þrístökki 12,82 m.

Karl West Frederiksen annar í hástökki 1,75 m. Helgi Sigurónsson varð þriðji í 800 og 1500 m hlaupi. Böðvar Sigurjónsson 15 ára varð fjórði í 1500 m á 4:38,8 mín. Sveit U.M.S.K. þriðja í 4 x 100 m boðhlaupi á 49,4 sek. Fararstjóri: Olafur Unnsteinsson.

Seinni hluti Meistaramóts Íslands 15. og 16. ágúst. Kristín Jónsdóttir varð önnur í 400 m hlaupi á 62,9 sek., betra en gildandi Íslandsmet. Sveit U.M.S.K. í 4 x 800 m boðhlaupi varð önnur á 8:34,8 mín, sem er U.M.F.Í. met.

Alda Helgadóttir varð þriðja í fimmtarþraut eftir harða baráttu með 3025 stig, U.M.S.K. met.

Víðavangshlaup I.R. Víðavangshlaup I.R. fór fram í 54 sinn á sumardaginn fyrsta. 28 keppendur mættu til leiks. U.B.K. sendi 10 vaska hlaupara til leiks, sem sigruðu með glæsibrag.

Þórður Guðmundsson sigraði, varð langt á undan keppinautum sínum. U.B.K. sigraði í 3ja, 5 og 10 manna sveitakeppni annað árið í röð. Í 10 manna sveitinni voru: Þórður Guðmundsson, Ragnar Sigurjónsson, Böðvar Sigurjónsson, Helgi Sigurjónsson, Trausti Sveinbjörnsson, Helgi Hauksson, Gunnlaugur Helgason, Steinþór Jóhannesson, Gunnar Snorrason og Magnús Jakobsson.

Drengjahlaup Armanns fór fram fyrsta sunnudag sumars kringum Tjörnina í Reykjavík. U.B.K. átti 5 keppendur, sem stóðu sig með prýði. Í 3ja manna sveitakeppni varð sveit U.B.K. þriðja og í 5 manna önnur. 31 keppandi var skráður. Helgi Sigurjónsson varð 4, Böðvar Sigurjónsson 9, Helgi Hauksson 13., Ragnar Sigurjónsson 15. og Steinþór Jóhannesson 24.

Víðavangshlaup Kópavogs fór fram í Kópavogi við knattspyrnuvöllinn sumardaginn fyrsta. 5 keppendur tóku þátt í hlaupinu. Þórður Guðmundsson sigraði í 3ja sinn og vann bikar til eignar.

Helgi Sigurjónsson fylgdi fast eftir og kom sjónarmun á eftir í mark. Böðvar Sigurjónsson, 15 ára, varð 3.

Víðavangshlaup U.M.F. Stjörnunnar í Garðahreppi fór fram 29. apríl. 25 stúlkur tóku þátt í hlaupinu. Kristín Björnsdóttir, 13 ára, náði beztum árangri.

Önnur mótt utanhéraðs.

A innanhússmóti að Bifröst í Borgarfirði stókk Karl Stefánsson, B., 3.09 m í langstökki og 9,31 m í þrístökki.

Vormót I. R. í frjálsum íþróttum fór fram á Melavelli 21. maí. U. M. S. K. átti 9 keppendur í mótinu. Trausti Sveinbjörnsson sigraði í 400 m hlaupi á 52,2 sek., Helgi Sigurjónsson, 17 ára, sigraði óvænt í 1500 m hl. á 4:30,2 mín., Kristín Jónsdóttir í 100 m hlaupi á 13,7 sek. (mótv.)

E. O. P. mótið fór fram á Melavelli 28. maí. Böðvar Sigurjónsson, B., aðeins 15 ára, vakti á sér mikla athygli með því að sigra í 800 m á 2:09,5. Trausti Sveinbjörnsson varð annar í 400 m á 52,0 sek. Björk Kristjánsdóttir varð önnur í 100 m hlaupi á 13,8 sek., Alda Helgadóttir þriðja á 13,9 sek. og önnur í langstökki með 4,52 m.

U. M. S. K. og Armann efndu til frjálsíþróttamóts á Armannsvelli 7. júní. 16 keppendur úr Breiðabliki og Stjörnunni mættu til leiks. Karl West Frederiksen, B., 17 ára, setti U. M. S. K. met í hástökki 1,79 m. Kristín Jónsdóttir sigraði í 100 m hlaupi á 13,4 sek. og langstökki 4,77 m. Arndís Björnsdóttir í spjótkasti 30,46 m. Trausti Sveinbjörnsson í 400 m hlaupi á 53,9 sek. og annar í 100 m hlaupi á 11,6 sek. Kristín Björnsdóttir, Stjörnunni, aðeins 13 ára, sigraði í hástökki 1,25 m og varð önnur í 100 m hlaupi á 14,3 sek.

17. júní mótið var eitt bezt heppnaða frjálsíþróttamót, sem haldið hefur verið hérlendis í mörg ár.

U. M. S. K. átti 17 keppendur, sem stóðu sig með ágætum. Karl Stefáns-son sigraði í þrístökki 14,21 m. Trausti Sveinbjörnsson sigraði í 400 m grindahlaupi á 58,9 sek. og varð annar í 400 m á 51,6 sek. og fjórði í 200 m á 23,7 sek. Kristín Jónsdóttir í 100 m hlaupi á 12,8 sek. og í langstökki 5,01 m. Þorsteinn Alfreðsson varð annar í kringlukasti 47,0 m. Þórður Guðmundsson annar í 800 m hlaupi á 2:06,1 mín. og Helgi Sigurjónsson þriðji á 2:07,4 mín. Karl West Frederiksen þriðji í hástökki með 1,75 m. Donald Jóhannesson fjórði með 1,70 m, Lárus Lárusson fjórði í kúluvarpi með 13,86 m. Sveit U. M. S. K. fjórða í 1000 m boðhlaupi á 2:08,5 mín. Böðvar Sigurjónsson þriðji í 100 m hlaupi sveina á 12,8 sek. Alda Helgadóttir önnur í 100 m hlaupi á 13,7 sek. og Björk Kristjánsdóttir þriðja á 13,8 sek.

A frjálsíþróttamóti á Laugardalsleikvangi 10. júní sigraði Kristín Jónsdóttir í 200 m hlaupi á 27,8 sek. (mótv.) og Trausti Sveinbjörnsson í 200 m á 24,4 sek.

U. M. S. K. og K. R. efndu til frjálsíþróttamóts á Melavelli 23. júní. Trausti Sveinbjörnsson sigraði í 400 m grindarhl. á 57,7 sek.

Kvennasveit U. M. S. K. setti héraðsmet í 4 x 100 m boðhlaupi á 53,7 sek. Arndís Björnsdóttir sigraði í spjótkasti 31,28 m, Karl West Frederiksen varð annar í hástökki með 1,75 m.

A Innanfélagsmóti I.R. á Melavelli 5. júlí varð Lárus Lárusson annar í kúluvarpi með 13,41 m og Gunnar Alfreðsson annar í slæggjukasti með 44,02, héraðsmet.

Afmælismót Ármanns í Laugardal 23. júlí. Kvennasveit U. M. S. K. sigraði í 4 x 100 m boðhlaupi á 52,5 sek. og jafnaði Íslandsmetið. Í sveitinni voru : Björg Kristjánsdóttir, Alda Helgadóttir, Björk Kristjánsdóttir og Kristín Jónsdóttir. 3 stúlkur úr U. M. S. K. voru á verðlaunapalli í 100 m hlaupi. Kristín Jónsdóttir sigraði á 12,9 sek., Alda Helgadóttir önnur á 13,5 sek. og Björk Kristjánsdóttir þriðja á 13,5 sek., Sigrún Sigurðardóttir, 13 ára, sjötta á 13,8 sek. Í langstökki varð Karl Stefánsson annar, stökk 6,78 m. Trausti Sveinbjörnsson þriðji í 400 m hlaupi á 51,3 sek.

A Innanfélagsmóti I.R., er haldið var á Melavelli 24. júlí varð Þorsteinn Alfreðsson annar í kringlukasti með 49,48 m.

A Æfingamóti F.I.R.R. og F.R.I. 30. júlí á Laugardalsleikvangi setti Kristín Jónsdóttir Íslandsmet í 400 m hlaupi á 63,9 sek. Trausti Sveinbjörnsson setti U. M. S. K. met í 400 m grind, hljóp á 57,2 sek. Karl Stefánsson sigraði í þrístökki, stökk 13,89 m. Alda Helgadóttir sigraði í spjótkasti, kastaði 34,50 m. Þorsteinn Alfreðsson varð annar í kringlukasti með 47,69 m og Helgi Sigurjónsson í 800 m hlaupi á 2:09,2 mín. Kvennasveit U. M. S. K. sigraði í 4 x 100 m boðhlaupi á 54,4 sek.

A Reykjavíkurmeistaramótinu 6. ágúst keppti Trausti Sveinbjörnsson sem gestur í 400 m grindahlaupi og sigraði á 56,3 sek., héraðsmet.

A Héraðsmóti Skagfirðinga á Sauðárkróki, sem fram fór dagana 9. og 10. ágúst kepptu 4 Íslandsmeistarar U. M. S. K. Fararstjóri var Ingólfur Ingólfsson. Þróttafólkið fór sigurferð norður og vakti á sér athygli fyrir skemmtilega framgöngu í keppni. Kristín Jónsdóttir sigraði í 100 m hlaupi á 12,8 sek. og í langstökki 4,95 m. Alda Helgadóttir sigraði í spjótkasti 33,25 m og í kúluvarpi 9,26 m. Trausti Sveinbjörnsson sigraði í 100 m á 11,4 sek. og í 400 m á 53,8 sek. Karl Stefánsson í þrístökki 14,43 m og varð annar í langstökki 6,48 m.

A frjálsíþróttamóti í Kópavogi á Fífuhvammssvelli 13. ágúst jafnaði Kristín Jónsdóttir Íslandsmeitið í 60 m hlaupi á 8,0 sek. (meðv.). Trausti Sveinbjörnsson hljóp 100 m á 11,2 sek. Karl Stefánsson stökk 6,34 m í langstökki og Arndís Björnsdóttir kastaði 35,81 m í spjótkasti.

Bæjakeppni fór fram helgina 16. og 17. ágúst milli Vestmannaeyja og Kópavogs á Armannsvelli. Bezta afrek mótsins vann Karl Stefánsson í þrístökki 14,33 m. Í stigakeppni mótsins í karlagreinum sigruðu Kópavogsbúar, hlutu 79 stig, Vestmannaeyingar 49 stig.

Í kvennakeppni: Kópavogur 51 1/2 stig, Vestmannaeyjar 32 1/2 stig. Kópavogsbúar áttu sigurvegara í 17 greinum af 20. Mótsstjóri var Olafur Unnsteinsson.

A frjálsíþróttamóti á Armannsvelli 21. ágúst á vegum U. M. S. K. setti Arndís Björnsdóttir, Kópavogi, glæsilegt Íslandsmet í spjótkasti 38,53 m. Gamli methafinn, Alda Helgadóttir, Stjórnunni náði einnig prýðisárangri 35,75 m.

Bikarkeppni F.R.I. fór fram á íþróttaleikvanginum í Laugardal dagana 23. og 24. ágúst.

Keppnin var að þessu sinni mjög jöfn og skemmtileg milli sterkstu liðanna. K.R.-ingar sigruðu, hlutu 121 stig, I.R. 114 stig og U.M.S.K. varð í þriðja sæti með 112 stig. U.M.S.K. sigraði nú H.S.K., sem urðu fjórðu með 90 stig, Armann hlaut 80 stig og H.S.H. 72 stig.

Arangur íþróttafólks U.M.S.K. var góður í mörgum greinum, þrátt fyrir óhagstætt veður.

Karl Stefánsson sigraði í þrístökki og náði frábæru afreki 15,09 m og varð þriðji í langstökki 6,89 m. Trausti Sveinbjörnsson var í fremstu röð í mörgum hlaupum. Kristín Jónsdóttir varð sigurvegari í 4 greinum. Alda Helgadóttir sigraði í kúluvarpi 9,95 og varð önnur í 100 m grindahlaupi á U.M.S.K. meti 19,0 sek. Arndís Björnsdóttir sigraði í spjótkasti og kvenna-sveit U.M.S.K. sigraði að vanda í 4 x 100 m boðhlaupi. Aðrir keppendur, er stóðu sig með prýði, voru Hafsteinn Jóhannesson, Þorsteinn Alfreðsson, Magnús Jakobsson, Lárus Lárusson og Þórarinn Sigurðsson.

Unglingakeppni F.R.I. fór fram á Laugardalsvelli 30. og 31. ágúst. U.M.S.K. átti 4 keppendur, er stóðu sig með prýði. Kristín Jónsdóttir sigraði í 100 m hl. á 12,8 sek. og í 200 m á 26,7 sek. og varð önnur í langstökki. Alda Helgadóttir sigraði í spjótkasti, kastaði 31,10 m og í kúluvarpi 10,69 m, sem er U.M.S.K. met og varð þriðja í 100 og 200 m hlaupi. Hún hlaut í

mótslok bikar að launum fyrir að vera fjölhæfsta frjálsíþróttakona landsins innan 18 ára.

Helgi Sigurjónsson hljóp 1500 m á 4:26,8 mín. og varð annar, og er það hans langbezta afrek og spáir góðu um framtíðina. Einnig varð Helgi annar í 800 m hlaupi. Böðvar Sigurjónsson varð annar í sveinaflokki í 400 m hlaupi á frábærum tíma af 15 ára dreng, 56,1 sek. og sigraði í 800 m hlaupi sveina á 2:09,5 mín.

Keppni erlendis, í Danmörku og Grikklandi.

I Oðinsvéum í Danmörku var háð vinabæjamót í frjálsum íþróttum þann 20. ágúst. Keppti þar íþróttafólk frá Tampere í Finnlandi, Þrándheimi í Noregi, Kópavogi, Norrköping í Svíþjóð auk heimamanna. Frá Kópavogi fóru Kristín Jónsdóttir, Trausti Sveinbjörnsson og Lárus Lárusson.

I keppninni setti Kristín Jónsdóttir íslenzkt met í 200 m hlaupi, hljóp á 26,6 sek. Gamla metið átti hún sjálf og var það sett í Danmörku í fyrra 26,8 sek. Kristín varð önnur í þessu hlaupi og hún varð einnig önnur í 100 m hlaupi á 12,7 sek, 1/10 úr sek. lakari tíma en Íslandsmeit hennar.

Trausti sigraði í 100 m hlaupi á 11,3 sek. og í 200 m hlaupi á 23,0 sek., sem er U.M.S.K. met.

Lárus Lárusson varð annar í sinni grein, kúluvarpi, kastaði 13,74 m.

Landskeppni í frjálsum íþróttum fór fram í Alaborg þann 6. og 7. sept. Þetta var 6-liða keppni með þátttöku allra Norðurlanda.

Karl Stefánsson þrístökkvari og Trausti Sveinbjörnsson 400 m grindahlaupari urðu þess mikla heiðurs aðnjótandi að verða valdir í landsliðið. Stóðu þeir sig báðir með miklum ágætum. Karl Stefánsson varð fjórði í þrístökki 14,88 m og sigraði landsliðsmenn Dana.

Trausti Sveinbjörnsson varð sjötti í 400 m grindahlaupi á 55,5 sek., aðeins 9/10 úr sek. frá Íslandsmeiti.

Evrópumeistaramótíð í Aþenu 16. - 21. sept.

Kristín Jónsdóttir var send til þátttöku í Evrópumeistaramótinu í Aþenu í frjálsum íþróttum ásamt Guðmundi Hermannssyni og Erlendi Valdimarssyni. Kristín Jónsdóttir setti Íslandsmeit í 200 m hlaupi á 26,5 sek. Kristín var í blöðum oft kölluð hlaupadrottningin. Hún sýndi mikinn áhuga við æfingar og uppskar laun erfiðis síns með því að verða send á þetta stórmót.

Þess skal að lokum getið, að gerð var tilraun til þess að endurvekja 4 bandalaga keppnina. Akureyringar og Eyfirðingar töldu sig ekki hafa lið þetta ár, en væntanlega verður grundvöllur fyrir því á næsta ári.



Boðhlaupsveit U.M.S.K. jafnaði Íslandsmeistrið 52.5 sek. í 4x100 m boðhlaupi.
Sveitina skipuðu (Björg Kristjánsdóttir, Alda Helgadóttir, Björk Kristjánsdóttir,
Kristín Jónsdóttir). Kristín Jónsdóttir, Kópavogi, setti 6 Íslandsmeistrið á árinu,
Alda Helgadóttir, Stjórnunni, Garðahrepp, 2 í spjótkasti og 4x100 m boðhlaupi.

18. Glíma.

Mikill áhugi er fyrir glímu hjá ungum drengjum í Kópavogi og í Garðahreppi. U.B.K. átti um nokkurra ára skeið landskunna glímumenn með Armann J. Lárusson glímukóng í broddi fylkingar, Ingva Guðmundsson, Ívar Jónsson, Lárus Lárusson o.fl. Vonandi halda hinir ungu drengir merki glímunnar hátt á lofti á næstu árum, að dæmi fyrirrennara sinna. Ívar Jónsson sá um glímuæfingar í Breiðabliki og Ingvi Guðmundsson í Stjörnunni.

Glímudeild Breiðabliks í Kópavogi stóð fyrir glímukeppni, sem fram fór í íþróttahúsinu 4. maí s.l. Þátttakendur voru 22 á aldrinum 9 - 14 ára.

Glímustjóri var Lárus Salómonsson.

Úrslit, 13 - 14 ára flokkur :

- | | |
|---------------------------|----------|
| 1. Hörður M. Kristjánsson | 4 1/2 v. |
| 2. Pétur Eysteinsson | 4 v. |
| 3. Hannes Björnsson | 3 v. |

Úrslit, 11 - 12 ára flokkur :

- | | |
|------------------------|------|
| 1. Þórður H. Eiríksson | 7 v. |
|------------------------|------|

Úrslit, 10 ára flokkur :

- | | |
|---------------------|------|
| 1. Hilmar Sveinsson | 7 v. |
|---------------------|------|

19. Sund.

Sundiðkanir hafa aukizt mikið á sambandssvæðinu. Stundstaðir eru við Varmá í Mosfellssveit, Kópavogi og plastlaug var notuð til sundkennslu í Garðahreppi og reyndist vel.

Samnorðæna sundkeppnin hefur alltaf sitt að segja um þátttöku almennings í sundi. Hún var háð í ár, en niðurstöðutölur liggja ekki fyrir.

Sundmót U.M.S.K. var haldið í Varmálaug í maí. Kópavogsbúar sigruðu nú í fyrsta sinn. Afturleding hafði tvívegis áður sigrað. Kópavogsbúar hlutu bikar þann, er Axel Jónsson hefur gefið til keppninnar.

Unglingum í Kópavogi á aldrinum 12 - 15 ára hefur farið mikið fram á árinu, undir ágætri handleiðslu Steinars Lúðvíkssonar íþróttakennara.

Sundfólk Breiðabliks sigraði í 11 greinum af 15 á heraðsmótinu. Sundfólk setti á árinu fjölda heraðsmeta.

Unglingameistaramót Íslands í sundi var háð á Siglufirði 13. - 14. sept. 14. keppendur frá U.B.K. tóku þátt í mótinu og stóðu sig með sóma. 140 keppendur frá 14 félögum tóku þátt í mótinu. Allt fremsta sundfólk

landsins var meðal keppenda. U.B.K. varð 7. í röðinni. Bezta frammistöðu sýndi Stefán Stefánsson. Hann varð 2. - 3. í 50 m skriðsundi, 6. í 100 m fjórsundi, 5. - 6. í 50 m baksundi. María Einarsdóttir var 6. í 50 m bringusundi. 2 boðsundssveitir voru í 3. sæti.

Bæjakeppni var háð í sundi milli Hafnarfjarðar og Kópavogs 24. febrúar í Sundhöll Hafnarfjarðar.

Sundfólk Kópavogs stóð sig með sóma. Hafnarfjörður sigraði, hlaut 80 1/2 stig gegn 61 1/2 stigi.

Kópavogsmót í sundi var haldið 4. maí. Þáttakendur voru 31 og keppt var í 10 greinum. Keppt var um 3 verðlaunagripi. 2 höfðu verið gefnir af Axel Jónssyni og frú og sá þriðji af Vibró h/f. Sundfólk Kópavogs tók þátt í 12 mótum á árinu.

Guðmundur Harðarson landsþjálfari í sundi var fenginn til þess að sjá um sundþjálfun fyrir Aftureldingu í júlímánuði. U.M.F. Afturelding hefur fullan hug á því að veita Breiðabliki harðari keppni næsta ár. Væntanlega kemur fram sundfólk frá U.M.F. Stjórnunni á næstu árum eftir tilkomu sundlaugar þar.

A síðasta landsmóti fékk U.M.S.K. ekkert stig í sundi. Allt bendir til að öflugt sundlið keppi í nafni sambandsins á Sauðárkróki 1971.

Framkvæmdastjóri og Steinar Lúðvíksson höfðu samvinnu um gerð metaskrár í sundi fyrir U.M.S.K.

Öll sundmet eru sett á þessu ári, nema bringusundsmet hins frábæra sundmanns U.M.F. Aftureldingar Halldórs Lárussonar. Hann var árið 1945 Íslandsmeistari í 200 m bringusundi. Halldór fylgdi Sigurði Jónssyni, Þingeying, eftir á sundmótum veturinn 1945 - 46. Met hans eru ennþá í dag á landsmælikvarða. Komi fram sundfólk á við Halldór Lárusson, þarf sambandið engu að kvíða í framtíðinni. Stefán Stefánsson, Kópavogi, er líklegastur arftaki hans í sundi. María Einarsdóttir, Arni Asmundsson eru einnig mjög efnilig og fleiri.

Sundmet U. M. S. K. 1. nóvember 1969

25 m laug

Bringusund:

50 m 34,7 sek..
100 m 1:22,5 míñ.
200 m 2:56,9 "
400 m 6:34,2 "
500 m 8:41,6 "

Karlar:

Halldór Lárusson, A 1946
Halldór Lárusson, A 1945
Halldór Lárusson, A 1946
Halldór Lárusson, A 1946
Halldór Lárusson, A 1946

Ár

Skriðsund:

50 m 31,4 sek.
100 m 1:13,1 míñ.

Stefán Stefánsson, B 1969
Arni Asmundsson, B 1969

Baksund:

50 m 38,2 sek.
100 m 1:30,0 míñ.

Stefán Stefánsson, B 1969
Stefán Stefánsson, B 1969

Flugsund:

50 m 40,0 sek.

Stefán Stefánsson, B 1969

Fjórsund:

100 m 1:22,1 míñ.

Stefán Stefánsson, B 1969

25 m laug

Bringusund:

50 m 42,9 sek.
100 m 1:38,6 míñ.

Konur:

María Einarsdóttir, B 1969
María Einarsdóttir, B 1969

Skriðsund:

50 m 40,3 sek.
100 m 1:44,8 míñ.

Anna Guðnadóttir, A 1969
Olöf Guðmundsdóttir, B 1969

Baksund:

50 m 48,7 sek.

Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir, B 1969

Fjórsund:

100 m 1:35,8 míñ.

María Einarsdóttir, B 1969

20. Handknattleikur.

Handknattleiksþróttin á vaxandi vinsældum að fagna innan U. M. S. K. 4 félög æfa handknattleik í vaxandi mæli. U. M. F. Breiðablik, U. M. F. Stjarnan, Íþróttafélagið Gróttu og Afturelding í Mosfellssveit. Félögin hafa öll notið góðs af Íþróttahúsínu á Seltjarnarnesi. Bygging þess hefur aukið áhuga og aðstöðu til keppni fyrir félög innan U. M. S. K.

Fyrsta innanhússmót U. M. S. K. í handknattleik fór fram í Íþróttahúsínu á Seltjarnarnesi 15. marz. Þrjú félög tóku þátt í mótinu. U. M. F. Breiðablik, U. M. F. Stjarnan og Íþróttafélagið Gróttu. Keppt var í II. og III. flokki stúlkna og III. og IV. flokki drengja. Keppt var um bikar, sem U. M. S. K. gaf til eignar. Breiðablik sigraði í stúlknaflokkum. Breiðablik og Gróttu voru jöfn í III. flokki drengja. Stjarnan sigraði í IV. flokki drengja. Úrslit: Breiðablik 13 stig, Stjarnan 6 stig, Gróttu 5 stig. Stjórnarmenn U. M. S. K. Stefán Agústsson og Sigurður Skarphéðinsson sáu um framkvæmd mótsins.

A Vormóti H.K.R. sigraði Stjarnan í 2. flokki. Pétur Bjarnason þjálfari sá um handknattleiksæfingar í Kópavogi síðastliðinn vetur. Vegnaði meistara-flokk kvenna vel undir handleiðslu hans. Liðið var í þriðja sæti á Íslands-mótinu.

A Héraðshátíðinni í Saltvík kepptu stúlkurnar undir merki U. M. S. K. við Íslandsmeistara Vals. 2 stúlkur úr Gróttu voru í liðinu. Leiknum lauk 7 : 3 fyrir Val.

Yngri flokkarnir í félögunum voru í framför.

I haust var komið á Reykjaneshótti í handknattleik í fyrsta sinn. Meistaraflokkar Breiðabliks og Gróttu taka þátt í mótinu og munu þeir jafn-framt taka þátt í II. deild seinna í vetur. Meistaraflokkliðin hafa sýnt miklar framfarir og er góðs að vænta af þeim í framtíðinni.

21. Körfuknattleikur.

Körfuknattleikur er aðeins iðkaður í einu félagi innan U. M. S. K., Breiðablik í Kópavogi.

Vaxandi áhugi er fyrir körfuknattleik í Kópavogi í yngri aldursflokkum. Breiðablik lék í II. deild Íslandsmótsins og höfnuðu í 3. sæti. Sigruðu hið efnilega lið Borgnesinga 39 : 38. Liðið tapaði fyrir Keflavík og Selfossi með 10 - 14 stiga mun.

2. flokkur lék tvo leiki í Íslandsmótinu, sigraði Ísfirðinga. 1. flokkur tapaði öllum leikjum fyrir Reykjavíkurfélögunum.

Vonandi sjá önnur félög innan U.M.S.K. sér fært að taka körfubolta á stefnuskrá sína. Þá væri hægt að halda innanhússmót í þeiri grein, einnig á vegum U.M.S.K.

Í veturn æfa körfuboltamenn í þrem aldursflokkum í Íþróttahúsinu í Kópavogi. Dóナルd Jóhannesson og Hilmar Ingólfsson hafa verið leiðbeinendur og eru einna fremstir í flokki í körfuknattleik. Liðin þyrftu í auknum mæli að fara í heimsóknir til félaga úti á landi til þess að efla áhugann.

Formaður körfuknattleiksnefndar U.B.K. er Kristinn Magnússon.

22. Knattspyrna.

Knattspyrnan á auknum vinsældum að fagna innan félaga U.M.S.K. og er meira eða minna iðkuð í öllum félögum. 4 félög æfa Íþróttina markvisst í öllum aldursflokkum. Breiðablik í Kópavogi, Stjarnan í Garðahreppi, Gróttá á Seltjarnarnesi og Afturelding í Mosfellssveit.

Í ágústmánuði stóð sambandið fyrir sambandsmóti í knattspyrnu í 3., 4. og 5. flokki með þátttöku þriggja fyrrgreindra félaga. Breiðablik sigraði í öllum flokkum og hlutu liðin bikara að launum. Gróttá varð í 2. sæti og Stjarnan í 3. Valdemar Valdemarsson, Kópavogi, Garðar Guðmundsson, Gróttu og Þórarinn Sigurðsson, Stjörnunni voru í mótsnefnd með framkvæmdastjóra sambandsins.

Fyrsta innanhússmót U.M.S.K. í knattspyrnu fór fram í Íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi laugardaginn 22. marz. Þrjú félög tóku þátt í mótinu, U.M.F. Breiðablik, U.M.F. Stjarnan og Íþróttafelagið Gróttá. Keppt var í III., IV. og V. flokki, A og B lið. Breiðablik sigraði í öllum flokkum nema V. flokki A. Þar sigraði Stjarnan.

Úrslit: Breiðablik 20 stig, Gróttá 12 stig, Stjarnan 4 stig.

Stefán Agústsson og Sigurður Skarphéðinsson, stjórnarmeðlimir U.M.S.K. sáu um framkvæmd mótsins.

Meistaraflokkur Breiðabliks átti velgengni að fagna á árinu. Liðið lék til úrslita við Víking í II. deild á Laugardalsleikvangi og tapaði naumlega 3 : 2.

Breiðablik háði tvo baráttuleiki við Akureyringa um tilverurétt í I. deild, tapaði liðið á sama hátt naumlega.

5. flokkur Breiðabliks lék til úrslita við Vestmannaeyinga í Íslandsmótinu og tapaði 4 : 0. 2., 3. og 4. flokkar félagsins voru ofarlega í sínum riðlum í Íslandsmótinu.

Í Reykjanesmótinu í knattspyrnu átti Breiðablik sigurvegara 1., 2., 3. og 4. fl. 7 lið tóku þátt í mótinu.

Í Gróttumótinu sigraði Breiðablik A riðils keppni 5. fl. Stjarnan og Grótta eiga efnilega yngri flokka, sem eiga án efa eftir að láta að sér kveða á næstu árum. Í Gróttumótinu sigraði t.d. Grótta í B riðli 5. flokks og yngri flokkarnir stóðu sig með sóma í Íslandsmótinu og Reykjanesmótinu.

Í Bikarkeppni K.S.I. tóku þátt Stjarnan í Garðahreppi og B-lið Kópavogs. Stjarnan tapaði fyrir Vestra 5 : 2. B-liðið í Kópavogi tapaði eftir harða baráttu við Víking 4 : 1. A-lið Kópavogs gat því miður ekki séð sér fært að fara til Húsavíkur til keppni vegna kostnaðar. Í Litlu bikarkeppninni varð Breiðablik no. 4.

Þjálfarar og leiðbeinendur í knattspyrnu. Þórarinn Ragnarsson var aðalþjálfari Breiðabliks í knattspyrnu um sumarið og Reynir Karlsson tók síðan við þjálfun um haustið. Fórust báðum störfin vel úr hendi. Aðrir þjálfarar, er unnu gott starf, má nefna: Fyrir Breiðablik Guðmundur Þórðarson, Jón Ingi Ragnarsson, Grétar Kristjánsson. Guðmundur Jónsson var form. Knattspyrnudeildar Breiðabliks. Valdimar Valdimarsson íþróttafulltrúi í Kópavogi studdi og knattspyrnustarfið vel. Í Gróttu hefur Garðari Guðmundssyni farnast vel sem þjálfara með yngri flokka félagsins. Halldór Björnsson sá einnig um þjálfun. Í Stjörnunni sáu þeir Ingvi Guðmundsson og Þórarinn Sigurðsson um knattspyrnuna og fl.

Lið félaga U.M.S.K. eru líkleg til að láta meir að sér kveða á næsta ári.

23. Víðavangshlaup skóla í Kjalarnesþingi.

Víðavangshlaup skóla í Kjalarnesþingi fór fram við barnaskólann í Garðahreppi laugardaginn 26. apríl kl. 3 e.h. Keppt var í fjórum aldursflokkum: 10 ára, 11 - 12 ára, 13 - 14 ára og 15 - 16 ára. Priggja manna sveit þess skóla, sem sigraði í hverjum aldursflokk, hlaut bikar að launum. 63 keppendur tóku þátt í lokahlaupinu. 200 - 300 hlupu frá skólunum í forkeppni.

Hlaupsstjóri var Olafur Unnsteinsson.

Úrslit:

<u>15 - 16 ára flokkur</u>	(4 keppendur)	<u>1400 m</u>
1.	Helgi Sigurjónsson	Gagnfræðaskóla Kópavogs
2.	Bjarni Ragnarsson	Mýrarhúsaskóla
3.	Steingrímur Björnsson	Mýrarhúsaskóla
4.	Sæmundur Auðunsson	Mýrarhúsaskóla

Bikar : Mýrarhúsaskóli

<u>13 - 14 ára flokkur</u>	(11 keppendur)	<u>1200 m</u>
1.	Böðvar Sigurjónsson	Gagnfræðaskóla Kópavogs
2.	Ragnar Sigurjónsson	Gagnfræðaskóla Kópavogs
3.	Guðmundur Helgi Pétursson	Gagnfræðaskóla Garðahrepps
4.	Brynjólfur Jónsson	Gagnfræðaskóla Kópavogs
5.	Pétur Gunnarsson	Mýrarhúsaskóla
6.	Gestur Sigurbjörnsson	Brúarlandi

Bikar : Gagnfræðaskóli Kópavogs

<u>11 - 12 ára flokkur</u>	(26 keppendur)	<u>1000 m</u>
1.	Oskar Hallgrímsson, B.	Kópavogsskóla
2.	Magnús Einarsson	Dígranes-skóla
3.	Helgi Felixson	Kópavogsskóla
4.	Einar Haraldsson, B.	Garðahrepsskóla
5.	Sigmundur Ásgeirsson, B.	Kópavogsskóla
6.	Þorlákur Jónsson	Kársnesskóla

Bikar : Kópavogsskóli

<u>10 ára flokkur</u>	(22 keppendur)	<u>800 m</u>
1.	Valdimar Valdimarsson	Kópavogsskóla
2.	Kristján Gunnarsson	Kársnesskóla
3.	Guðjón Gestsson	Varmáskóla
4.	Björn Björnsson	Kópavogsskóla
5.	Agust Eyjólfsson	Kársnesskóla
6.	Sigurjón Randversson	Kópavogsskóla

Bikar : Kópavogsskóli

24. Lokaorð.

Í þessari skýrslu hefur verið reynt að drepa á það helzta í starfsemi sam-takanna á liðnu starfsári. Vafalaust má að mörgu finna og margt hefði mátt betur fara, en tími vinnst ekki til allra hluta eða hendurnar eru of fáar sem verkin vinna.

Þó að skipulag samtakanna hafi smátt og smátt verið að þróast í átt með kröfum tímans, þá er enn margt sem krefst breytingar og skjótrar meðferðar, ef starfsemin á að gera skil og ná til allra þeirra þátta, er við viljum.

Við þurfum að fá fleiri til starfa og með það fyrir augum hefur stjórnin unnið nokkuð að þessu máli. Hún leggur fyrir þingið tillögur, sem hún álítur að mikið vinnist með, nái þær fram að ganga.

Við verðum alltaf að hafa það í huga, að ábyrgðin vex með auknu starfi, og að verkefnin, sem eru mörg, bæði stór og smá, eru flest þess eðlis, að þau kalla á úrlausn aðila, sem rennur blóðið til skyldunnar til að þroska um-hverfi sitt til þjóðlegra og menningarlegra verðmæta.

Við trúum því, að í stefnu þeirri og félagsformi, er ungmannafélögin hafa sniðið sér, sé bezt að þessum málum unnið.

Að lokum sendir sambandsstjórn öllum þeim, sem hafa stutt samtökin á árinu með fjárfamlögum og á annan hátt, sínar beztu þakkir fyrir.

Í nóvember 1969

Stjórn U.M.S.K.

Ingólfur G. Ingólfsson

Stefán Agústsson

Þórir Hermannsson

Ævar Hjaltason

Sigurður Skarphéðinsson

Sveinbjörn Guðmundsson

Jón L. Tryggvason

Olafur Unnsteinsson

framkvæmdastjóri

Afrekaskrá U.M.S.K. í frjásum íþróttum innanhúss

frá 1. janúar 1969 - 1. júní 1969

Karlar:

<u>m</u>	<u>Langstökk án atr.</u>	<u>m</u>	<u>Þrístökk án atr.</u>
3,19	Trausti Sveinbjörnsson, B	9,31	Karl Stefánsson, B
3,09	Karl Stefánsson, B	9,09	Trausti Sveinbjörnsson, B
2,86	Ingólfur Waage, B	8,69	Gunnar Snorrason, B
2,84	Dónald Jóhannesson, B	8,40	Dónald Jóhannesson, B
2,76	Hafsteinn Jóhannesson, B	8,19	Ingólfur Ingólfsson, B
2,73	Ingólfur Ingólfsson, B	8,09	Karl West Frederiksen, B
2,72	Magnús Jakobsson, B	8,03	Hafsteinn Jóhannesson, B
2,65	Karl West Frederiksen, B	7,93	Gylfi Sigurpálsson, B
2,64	Gylfi Sigurpálsson, B		
2,58	Helgi Sigurjónsson, B		

m Hástökk

<u>m</u>	<u>Hástökk án atr.</u>	<u>m</u>	
1,54	Trausti Sveinbjörnsson, B	1,73	Karl West Frederiksen, B
1,38	Dónald Jóhannesson, B	1,71	Dónald Jóhannesson, B
1,38	Ingólfur Ingólfsson, B	1,60	Hafsteinn Jóhannesson, B
1,38	Karl Stefánsson, B	1,58	Trausti Sveinbjörnsson, B
		1,58	Karl Stefánsson, B
		1,58	Ingólfur Ingólfsson, B
		1,58	Gunnar Snorrason, B

<u>m</u>	<u>Kúluvarp</u>	<u>m</u>	
13,78	Lárus Lárusson, B	1,53	Magnús Jakobsson, B
12,10	Ingvi Guðmundsson, St.	1,45	Böðvar Sigurjónsson, B
11,81	Dónald Jóhannesson, B		

mín. x) 800 m

1:27,2	Pórður Guðmundsson, B	2:25,0	Helgi Sigurjónsson
1:32,0	Helgi Sigurjónsson, B	2:32,8	Böðvar Sigurjónsson
1:34,8	Hafsteinn Jóhannesson, B	2:39,2	Helgi Hauksson

mín. x) 1500 m

<u>mín.</u>	<u>1000 m</u>	4:56,2	Pórður Guðmundsson
2:51,7	Pórður Guðmundsson, B	5:06,4	Trausti Sveinbjörnsson
2:58,4	Helgi Sigurjónsson, B	5:20,3	Helgi Sigurjónsson

x) 75 m hringbraut

Konur:

<u>m</u>	<u>Hástökk</u>	<u>m</u>	<u>Langstökk án atr.</u>
1,38	Kristín Björnsdóttir, St	2,40	Sigríður Finnbjörnsdóttir, St
1,32	Guðmunda Ásgeirs dóttir, Gróttu	2,35	Alda Helgadóttir, St.
1,27	Kristín Jónsdóttir, B	2,28	Herdís Hallgrímsdóttir, St.
1,23	Hafdís Ingimarsdóttir, B	2,27	Hafdís Ingimarsdóttir, B
1,23	Gunnþórunn Geirdóttir, St	2,24	Sigurbjörg Hauksdóttir, St
1,22	Sigríður Bragadóttir, St.	2,20	Kristín Björnsdóttir, St
1,22	Björg Kristjánsdóttir, B	2,18	Björg Kristjánsdóttir, B
1,22	Steinunn Ferdinandsdóttir, B	2,11	Gunnþórunn Geirdóttir, St
1,22	Álfhildur Hjörleifsdóttir, St.	2,06	Steinunn Ferdinandsdóttir, B
1,18	Alda Helgadóttir, St	2,05	Vilborg Torfadóttir, St

ISLANDSMET SETT 1969

Kvennamet:

60 m hlaup 8,0 sek. (m) Kristín Jónsdóttir, Breiðabliki, Kópavogi 13. 8.
200 m " 26,6 " Kristín Jónsdóttir, Breiðabliki, Odense 20. 8.
200 m " 26,5 " Kristín Jónsdóttir, Breiðabliki, Aþenu 19. 9.
400 m " 63,9 " Kristín Jónsdóttir, Breiðabliki, Reykjavík 23. 7.
Spjótkast 36,76 Alda Helgadóttir, Stjórnunni, Laugarvatni 21. 7.
" 38,53 Arndís Björnsdóttir, Breiðabliki, Reykjavík 20. 8.
4 x 100 m boðhlaup 52,5 sek. Sveit U. M. S. K. metjöfnun, Reykjavík 23. 7.
(Björg Kristjánsdóttir, Alda Helgadóttir,
Björk Kristjánsdóttir, Kristín Jónsdóttir)

Karlamet: (Innanhússmet)

600 m 1:27,2 mí . Þórður Guðmundsson, Breiðabliki, Reykjavík 22. 3.



Arndís Björnsdóttir



Alda Helgadóttir

Arndís Björnsdóttir, Kópavogi, setti Íslandsmet á árinu í spjótkasti 38.53 m. Arndís bætti þá Íslandsmet stöllu sinnar Öldu Helgadóttur úr Stjórnunni, Garðahrepp, sem var 36.26 m sett á Íslandsmeistaramótinu að Laugarvatni.

Afrekaskrá U. M. S. K. í frjálsum íþróttum 1969

Tekið hefur saman Olafur Unnsteinsson

Karlar:

<u>sek.</u>	<u>100 m hlaup</u>	<u>mín.</u>	<u>800 m hlaup</u>
11,2	Trausti Sveinbjörnsson, B	2:06,1	Þórður Guðmundsson, B
11,5	Karl Stefánsson, B	2:07,4	Helgi Sigurjónsson, B
12,0	Helgi Sigurjónsson, B	2:08,8	Böðvar Sigurjónsson, B
12,0	Guðlaugur Þórðarson, B	2:09,0	Trausti Sveinbjörnsson, B
12,4	Hafsteinn Jóhannesson, B	2:18,2	Helgi Hauksson, B
12,5	Þórður Guðmundsson, B	2:34,0	Steinþór Jóhannesson, B
12,6	Guðbjartur Björgvinsson, B		
12,7	Böðvar Sigurjónsson, B		
12,8	Helgi Hauksson, B		
<u>sek.</u>	<u>200 m hlaup</u>	<u>mín.</u>	<u>1500 m hlaup</u>
23,0	Trausti Sveinbjörnsson, B	4:38,8	Böðvar Sigurjónsson, B
25,6	Ingólfur Ingólfsson, B	4:43,6	Trausti Sveinbjörnsson, B
25,6	Karl Stefánsson, B	4:46,5	Þórarinn Sigurðsson, St
25,9	Hafsteinn Jóhannesson, B	5:02,1	Karl Stefánsson, B
		5:03,4	Helgi Hauksson, B
<u>sek.</u>	<u>400 m hlaup</u>	<u>mín.</u>	<u>3000 m hlaup</u>
51,3	Trausti Sveinbjörnsson, B	10:46,5	Þórarinn Sigurðsson, St.
55,8	Þórður Guðmundsson, B	10:48,0	Þórður Guðmundsson, B
<u>sek.</u>	<u>400 m grindahlaup</u>	<u>mín.</u>	<u>5000 m hlaup</u>
57,1	Böðvar Sigurjónsson, B		
57,0	Hafsteinn Jóhannesson, B		
57,1	Guðlaugur Þórðarson, B		
57,3	Helgi Sigurjónsson, B	19:27,8	Þórarinn Sigurðsson
57,3	Karl Stefánsson, B		
60,7	Helgi Hauksson, B		
65,5	Steinþór Jóhannesson, B	<u>sek.</u>	<u>110 m grindahlaup</u>
		17,4	Trausti Sveinbjörnsson, B
		18,0	Hafsteinn Jóhannesson, B
		18,9	Karl Stefánsson, B
55,5	Trausti Sveinbjörnsson, B	21,7	Böðvar Sigurjónsson, B
62,0	Hafsteinn Jóhannesson, B	22,8	Helgi Hauksson, B

<u>m</u>	<u>Langstökk</u>	<u>m</u>	<u>Þristökk</u>
6, 78	Karl Stefánsson, B	14, 88	Karl Stefánsson, B
6, 19	Trausti Sveinbjörnsson, B	12, 82	Erlingur Jónsson, B
6, 16	Dóñald Jóhannesson, B	12, 50	Hafsteinn Jóhannesson, B
6, 13	Erlingur Jónsson, B	12, 24	Helgi Hauksson, B
5, 77	Guðlaugur Þórðarson, B	11, 54	Karl West Frederiksen, B
5, 50	Hafsteinn Jóhannesson, B	15, 09	Karl Stefánsson, B (meðv.)
5, 49	Helgi Hauksson, B		
5, 10	Böðvar Sigurjónsson, B		
5, 07	Guðbjartur Björgvinsson, B		
<u>m</u>	<u>Stangarstökk</u>	<u>m</u>	<u>Hástökk</u>
3, 35	Magnús Jakobsson, B	1, 79	Karl West Frederiksen, B
2, 90	Erlingur Jónsson, B	1, 70	Donald Jóhannesson, B
2, 72	Trausti Sveinbjörnsson, B	1, 70	Hafsteinn Jóhannesson, B
2, 72	Karl Stefánsson, B	1, 60	Ingólfur Ingólfsson, B
2, 15	Hafsteinn Jóhannesson, B	1, 60	Trausti Sveinbjörnsson, B
2, 15	Böðvar Sigurjónsson, B	1, 50	Helgi Sigurjónsson, B
		1, 50	Karl Stefánsson, B
		1, 46	Helgi Hauksson, B
		1, 46	Guðlaugur Þórðarson, B
		1, 41	Böðvar Sigurjónsson, B
<u>m</u>	<u>Kúluvarp</u>	<u>m</u>	<u>Kringlukast</u>
13, 86	Lárus Lárusson, B		
13, 40	Þorsteinn Alfreðsson, B	49, 97	Þorsteinn Alfreðsson, B
12, 40	Armann J. Lárusson, B	36, 50	Armann J. Lárusson, B
10, 89	Trausti Sveinbjörnsson, B	34, 13	Gunnar Alfreðsson, B
10, 44	Hafsteinn Jóhannesson, B	34, 05	Trausti Sveinbjörnsson
		33, 60	Lárus Lárusson, B
<u>m</u>	<u>Spjótkast</u>	<u>m</u>	<u>Sleggjukast</u>
41, 22	Gunnar Alfreðsson, B		
40, 85	Trausti Sveinbjörnsson, B	45, 40	Gunnar Alfreðsson, B
40, 11	Hafsteinn Jóhannesson, B	36, 07	Armann J. Lárusson, B
39, 86	Erlingur Jónsson, B	26, 49	Ingólfur Ingólfsson, B
34, 93	Karl Stefánsson, B		

Konur:

<u>sek.</u>	<u>100 m hlaup</u>	<u>sek.</u>	<u>200 m hlaup</u>
12,7	Kristín Jónsdóttir, B	26,5	Kristín Jónsdóttir, B Isl. met
13,5	Alda Helgadóttir, St	28,2	Alda Helgadóttir, St.
13,5	Björk Kristjánsdóttir, B	29,5	Björk Kristjánsdóttir, B
13,8	Sigrún Sigurðardóttir, B	29,8	Hafdís Ingimarsdóttir, B
13,9	Björg Kristjánsdóttir, B		
14,1	Hafdís Ingimarsdóttir, B	<u>sek.</u>	<u>400 m hlaup</u>
14,3	Kristín Björnsdóttir, St.	62,9	Kristín Jónsdóttir, B
15,2	Anna Pálsdóttir, St.	66,0	Björg Kristjánsdóttir, B
16,0	Gunnþórunn Geirsdóttir, St		
		<u>m</u>	<u>Langstökk</u>
<u>sek.</u>	<u>80 m grindahlaup</u>	5,01	Kristín Jónsdóttir, B
15,5	Kristín Jónsdóttir, B.	4,75	Alda Helgadóttir, St
		4,56	Björg Kristjánsdóttir, B
<u>sek.</u>	<u>100 m grindahlaup</u>	4,49	Herdís Hallvarðsdóttir, Gróttu
17,3	Alda Helgadóttir, St	4,45	Hafdís Ingimarsdóttir, B
		4,09	Anna Pálsdóttir, St
<u>m</u>	<u>Hástökk</u>	3,87	Sigrún Sigurðardóttir, B
1,40	Ína Þorsteinsdóttir, B	3,82	Kristín Björnsdóttir, St
1,25	Kristín Jónsdóttir, B		
1,25	Kristín Björnsdóttir, St	<u>m</u>	<u>Kúluvarp</u>
1,25	Björg Kristjánsdóttir, B	10,69	Alda Helgadóttir, St
1,20	Alda Helgadóttir, St	8,02	Gunnþórunn Geirsdóttir, St
1,10	Gunnþórunn Geirsdóttir, St	7,95	Kristín Jónsdóttir, B.
		7,51	Arndís Björnsdóttir, B
<u>m</u>	<u>Kringlukast</u>	<u>m</u>	<u>Spjótkast</u>
26,68	Arndís Björnsdóttir, B	38,53	Arndís Björnsdóttir, B Isl. met
20,32	Kristín Jónsdóttir, B	36,76	Alda Helgadóttir, St
	<u>Stig</u>	<u>Fimmtarbraut</u>	
3025	Alda Helgadóttir, St (19,0 - 9,62 - 1,20 - 4,75 - 28,3)	Reykjavík	15. og 16. ágúst 1969
<u>sek.</u>	<u>4 x 100 m boðhlaup</u>		
52,5	A - sveit U.M.S.K. (Björg Kristjánsdóttir, Alda Helgadóttir, Björk Kristjánsdóttir, Kristín Jónsdóttir)	Laugardal	23. júlí Isl. met

4 x 100 m boðhlaup

A-sveit U. M. S. K. 46,5 sek.

(Erlingur Jónsson, Ingólfur Ingólfsson, Karl Stefánsson, Trausti Sveinbjörnsson)

Ungl. sveit U. M. S. K. 49,4 sek.

Dr. sveit U. M. S. K. 49,8 sek.

1000 m boðhlaup

A-sveit U. M. S. K. 2:08,5 mín.

(Ingólfur Ingólfsson, Karl Stefánsson, Hafsteinn Jóhannesson, Trausti Sveinbjörnsson)

Met : 4 x 400 m boðhlaup

A-sveit U. M. S. K. 3:45,3 mín.

(Hafsteinn Jóhannesson, Þórður Guðmundsson, Helgi Sigurjónsson, Trausti Sveinbjörnss.)

Met : 4 x 800 m boðhlaup

A-sveit U. M. S. K. 8:34,8 mín.

(Þórður Guðmundsson, Trausti Sveinbjörnsson, Böðvar Sigurjónsson, Helgi Sigurjónsson)

Stig

Fimm tarbraut

2837

Trausti Sveinbjörnsson, B

Laugarvatni 21. júlí

(6,19 - 39,78 - 23,7 - 32,45 - 4:43,6)

Stig

Tugbraut

5543

Trausti Sveinbjörnsson, B

Armannsvelli 11. og 12/9

(11,2 - 5,78 - 10,89 - 1,60 - 53,5 - 17,8 - 31,76 - 2,72 - 40,85 - 4:44,1)

4623

Karl Stefánsson, B

(11,5 - 6,53 - 9,21 - 1,50 - 57,3 - 18,9 - 16,80 - 2,72 - 34,93 - 5:02,1)

4542

Hafsteinn Jóhannesson, B

(13,0 - 5,43 - 10,36 - 1,65 - 57,8 - 18,0 - 27,18 - 2,15 - 39,74 - 4:58,1)

3160

Helgi Hauksson, B

(13,0 - 5,15 - 8,58 - 1,46 - 60,7 - 22,8 - 22,60 - 0 - 26,05 - 5:03,4)

3048

Böðvar Sigurjónsson, B

(13,0 - 4,40 - 6,99 - 1,41 - 58,8 - 21,7 - 17,68 - 2,15 - 25,23 - 4:54,8)

Rekstursreikningur Ungmennasambands

Tekjur:

I. STYRKIR

1.	Kjósarsýsla	Kr. 50.000,00
2.	Gullbringusýsla	" 30.000,00
3.	Kópavogskaupstaður	" 20.000,00
4.	Kjósarhreppur	" 10.000,00
5.	Kjalarneshreppur	" 5.000,00
6.	Mosfellshreppur	" 10.000,00
7.	Seltjarnarneshreppur	" 10.000,00
8.	Garðahreppur	" 10.000,00
9.	Bessastaðahreppur f. árin '68 - '69 ...	" 10.000,00
10.	Búnaðarsamband Kjalarnesþ. '68 - '69 .	<u>" 5.000,00</u> Kr. 160.000,00

II. VEXTIR

1.	Sparisjóðsbók no. 6561	Kr. 123,00
2.	" " 17352	" 28,20
3.	Avísanareikningur	<u>" 428,00</u> " 579,20

III. AÐRAR TEKJUR

1.	Kópavogskaupst. : Akstur á Íslandsm. m.	Kr. 6.500,00
2.	Útistandandi skuldir frá fyrra ári	" 15.745,70
3.	Seldir íþróttabúningar	" 2.630,00
4.	Seld spjaldskráreyðublöð	" 52,00
5.	Þáttökugj. f. innanh. mótt í handkn.l. og knattspyrnu	" 3.000,00
6.	Aðgangseyrir að Héraðshátíð	<u>" 14.575,00</u> " 42.502,70
	Lán í Samvinnubankanum	" 25.000,00
	Peningar frá fyrra ári	" 47.357,70

Kr. 275.439,60

Kjalarneþings árið 1968

Gjöld :

I. STJORNARKOSTNAÐUR

1.	Laun	Kr. 80.000,00
2.	Póstur og sími	" 4.438,20
3.	Fjölrítun, vélritun, pappír o.fl.	" 7.563,65
4.	Húsaleiga	" 11.364,00
5.	U. M. F. I. þing á Laugum, ferðak. ..	" 6.876,00 Kr. 110.241,85

II. ÍÞROTTIR

1.	Verðlaun	Kr. 20.783,75
2.	Húsaleiga	" 3.000,00
3.	Bridge, keppnisstjórn	" 2.000,00
4.	Ungl. m. mótt Ísl. á Akureyri	Kr. 11.005,00
	÷ tillag þáttt.	" 3.525,00 Kr. 7.480,00
5.	Meistararam. Ísl. á Laugarvatni ...	Kr. 9.850,00
	+ akstur	" 6.500,00 Kr. 16.350,00
6.	Húsafellsmót '68, akstur	" 4.600,00
7.	Fjórðungsgl. mótt og skákmót, akstur ..	" 1.700,00 Kr. 55.913,75

III. ANNAR KOSTNAÐUR

1.	Héraðshátíð	Kr. 22.243,00
2.	Víxilkostnaður	" 3.360,00
3.	Afmælisgjöf til U. M. F. A.	" 2.070,00
4.	Ýmislegt	" 1.549,00 Kr. 29.222,00
	Greiddar skuldir frá f. ári	" 44.099,20
	Afborgun af víxli í Samvinnubankanum	" 25.000,00
		Kr. 264.476,80
	Mismunur	" 10.962,80
		Kr. 275.439,60

Efnahægsreikningur Ungmennasambands

Eignir:

1.	Iþróttáhöld	Kr.	4.083,30		
	÷ 10% afskrift	"	<u>408,30</u>	Kr.	3.675,00
2.	Borðfánar	Kr.	964,40		
	÷ 10% afskrift	"	<u>96,40</u>	"	868,00
3.	Félagsfáni	Kr.	1.575,80		
	÷ 10% afskrift	"	<u>157,60</u>	"	1.418,20
4.	Spjaldskráreyðublöð	Kr.	264,10		
	÷ sold	"	<u>52,00</u>	Kr.	212,10
	÷ rýrnun	"	<u>212,10</u>	"	0,00
5.	Iþróttabúningar	Kr.	12.370,00		
	÷ soldir	"	<u>4.960,00</u>	Kr.	7.410,00
	÷ rýrnun og rangf. í bókh. árin '66- '68	"	<u>6.245,00</u>	"	1.165,00
6.	Peningar :				
a.	Sparisjóðsbækur	Kr.	813,20		
b.	Avísanareikningur	"	<u>8.232,20</u>		
c.	Handbært fé	"	<u>1.913,20</u>	"	10.962,90
7.	Útistandandi skuldir :				
a.	Einstaklingar	Kr.	5.025,00		
b.	I. S. I., útbreiðslust.	"	<u>6.689,00</u>		
c.	U. M. F. D.	"	<u>3.200,00</u>		
d.	U. M. F. K.	"	<u>1.040,00</u>		
e.	U. M. F. A.	"	<u>9.890,00</u>		
f.	I. G.	"	<u>1.840,00</u>		
g.	U. B. K.	"	<u>7.040,00</u>		
h.	U. M. F. S.	"	<u>1.025,00</u>		
i.	U. M. F. B.	"	<u>1.640,00</u>	"	<u>37.389,00</u>
		Kr.	55.878,10		

Kjalarneþings árið 1969

Skuldir:

1. Samvinnubankinn	Kr. 35.000,00
2. I.S.I., skattur '69	" 2.815,00
3. " slysasjóðsgjald	" 5.630,00
4. U.M.F.I, skattur '69	" 2.720,00
5. Opinber gjöld '69	<u>" 1.463,00</u>
	Kr. 47.628,00

Hrein eign " 7.850,00

Kr. 55.478,05

Höfum endurskoðað framanskráðan reikning, borið hann saman
við fylgiskjöl og ekkert fundið athugavert.

19. október 1969

Lárus Halldórsson Olafur Ag. Olafsson



II. deildar lið Breiðablik 1969.



Trausti Sveinbjörnsson
og Karl Stefánsson
kepptu báðir í landsliðinu
í frjálsum þróttum
í Danmörku.
Kristín Jónsdóttir
keppti á E.M. í Aþenu.